

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

<b>96/EES/51/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/96 frá 5. júlí 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....01
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB frá 4. maí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu.....02
<b>96/EES/51/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/96 frá 5. júlí 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....04
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/274/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skrár yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fóður.....05
<b>96/EES/51/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/96 frá 5. júlí 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.....07
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu.....08
<b>96/EES/51/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.....10
	Ályktun ráðsins 95/C 341/03 frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófútláti í Evrópusambandinu.....11
<b>96/EES/51/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.....14
	Tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.....15
<b>96/EES/51/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.....21
	Tilskipun ráðsins 94/33/EB frá 22. júní 1994 um vinnuvernd barna og ungmenna.....22

96/EES/51/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.....	30
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/337/EB frá 25. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 92/446/EBE um spurningaeyðublöð sem snerta tilskipanir um vatnsmálefni.....	31
96/EES/51/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/96 frá 19. júlí 1996 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.....	70
96/EES/51/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/96 frá 19. júlí 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn.....	71
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja.....	72
96/EES/51/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/96 frá 23. júlí 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.....	81
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB frá 24. október 1994 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE).....	82
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Ráðið</b>	
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>	
96/EES/51/11	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.848 - Ahold/CSC).....	100
96/EES/51/12	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.854 - Daewoo/Thomson Multimedia).....	101
96/EES/51/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 38/96 - Þýskaland.....	102
96/EES/51/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. 40/96 - Ítalía.....	102
96/EES/51/15	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 7. 10. til 18. 10. 1996.....	103
96/EES/51/16	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	104
	<b>3. Dómstóllinn</b>	

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/51/01

nr. 38/96  
frá 5. júlí 1996

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB frá 4. maí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 87/153/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0011: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB frá 4. maí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/11/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. september 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 6.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/11/EB**

frá 4. maí 1995

**um breytingu á tilskipun 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun ráðsins 70/524/EBE er kveðið á um viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafóðri sem síðan voru samþykktar með tilskipun ráðsins 87/153/ESB frá 16. febrúar 1987 um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/ESB <sup>(3)</sup>, ásamt þeim breytingum sem síðar meir kunna að verða gerðar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni.

Til þess að hafa tryggingu fyrir óbreyttu ástandi örverustofna og stöðugleika þeirra við notkun í iðnaði er nauðsynlegt að koma viðmiðunarefni í vörslu á söfnunarstað ræktunar sem er viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili í samræmi við Búdapestsáttmálann. Með þessu ákvæði er jafnframt unnt að vísa nákvæmlega til notaðra örverustofna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukanum við tilskipun 87/153/EBE er breytt eins og segir í viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög eða stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 64, 7. 3. 1987, bls. 19.

(3) Stjttíð. EB nr. L 208, 11. 8. 1994, bls. 15.

## VIÐAUKI

1. Í stað texta í lið 2.2 í II. þætti komi eftirfarandi texti:

„2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili<sup>(1)</sup>, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur. Auk þess uppruni, viðeigandi útlitseinkenni og lífeðlisfræðilegir eiginleikar, þróunarstig, viðkomandi þættir er kunna að vera hluti af líffræðilegri virkni örveru (sem aukeftni) og aðrar erfðafræðilegar upplýsingar til auðkenningar. Fjöldi gerlaklasaeininga sem myndast (CFU/g).

Fyrir ensímefnablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili<sup>(1)</sup>, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur, að meðtöldum erfðafræðilegum upplýsingum), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.

Ætíð skal framvísa afriti af kvittun fyrir innlögn örveru hjá alþjóðlegum vörsluaðila þar sem kemur fram heiti og flokkunarfræðileg lýsing á örverunni í samræmi við alþjóðlegu flokkunarkerfistáknin (Codes of Nomenclature).“

2. Í stað texta í lið 2.2 í V. þætti komi eftirfarandi texti:

„2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur.

Fyrir ensímefnablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur, að meðtöldum erfðafræðilegum upplýsingum), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.“

<sup>(1)</sup> Alþjóðlegur vörsluaðili samkvæmt 7. gr. Búdapestsáttmálans um alþjóðaviðurkenningu á vörslu örvera vegna umsókna um einkaleyfi.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/02****nr. 39/96  
frá 5. júlí 1996****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/274/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skrár yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fóður <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 4a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **395 D 0274:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/274/EB frá 10. júlí 1995 (Stjútíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 24).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 95/274/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. september 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 24.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 10. júlí 1995****um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skrár yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fóður(\*)****(Texti sem varðar EES)****(95/274/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fóðurs<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum c-lið 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516/EBE<sup>(2)</sup> er kveðið á um skrá yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í fóðurblöndum.

Nauðsyn ber til að skilgreina með nákvæmari hætti bannið sem tengist nýtingu unninna skinna í því augnamiði að útiloka ekki notkun tiltekins skinnaúrgangs, sem hefur hlotið meðferð þess eðlis að dýrum stafar ekki hætta af, t.d. söltun. Þessi ráðstöfun miðar að því að koma í veg fyrir að úrgangi, sem kann að menga umhverfið, verði fleygt.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 91/516/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júní 1996.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 281, 9. 10. 1991, bls. 23.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Skinn meðhöndluð með sítunarefnum, þar með talinn úrgangur þeirra.“



**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/03****nr. 40/96  
frá 5. júlí 1996****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 82/471/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0033:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB frá 10. júlí 1995 (Stjttð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 17).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/33/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. september 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 6.

(<sup>2</sup>) Stjttð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 17.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/33/EB**

frá 10. júlí 1995

um breytingu á tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu(\*)

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (<sup>1</sup>), eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 82/471/EBE er kveðið á um að gera skuli reglulegar breytingar á viðaukanum við hana til að unnt sé að taka tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni.

Rannsóknir á nýrri afurð í flokki prótínafurða sem eru fengnar úr örverum, í þessu tilviki úr gerlum, hafa leitt í ljós að hún hefur góð áhrif á svín, kálfa og laxfiska. Því ber að leyfa notkun þessarar nýju afurðar í dýrafæðu með vissum skilyrðum.

Af tæknilegum ástæðum í tengslum við framleiðslu verður að breyta lágsta leyfilega styrkleika af hreinu fljótandi L-lýsíní.

Vísindanefndin um dýrafæðu og vísindanefndin um matvæli hafa lagt fram álit um notkun prótínríkra afurða gerjaðra úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun *Methylococcus capsulatus (Bath)*, *Alcaligenes acidovorans*, *Bacillus brevis* og *Bacillus firmus*.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE er hér með breytt eins og segir í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCLHER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 213, 21. 7. 1982, bls. 8.

# VIÐAUKI

1. Í flokki 1.1 „Gerlar“ bætist eftirfarandi afurðarflokkur og afurð við:

1	2	3	4	5	6	7
Heiti afurðar-flokks	Heiti afurða	Táknun virka næringarefnisins eða örverutegund	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á)	Einkenni á samsetningu afurða	Dýrategund	Sérákvæði
„1.1.2. Gerlar ræktaðir með náttúrlegu gasi	1.1.2.1. prótínríkar afurðir gerjaðar úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun: <i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> , <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i> et <i>Bacillus firmus</i> , en frumum þeirra hefur verið eytt	<i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> stofn NCIMB 11132 <i>Alcaligenes acidovorans</i> stofn NCIMB 12387 <i>Bacillus brevis</i> stofn NCIMB 13288 <i>Bacillus firmus</i> stofn NCIMB 13280	Náttúrlegt gas: (u.þ.b. 91% metan, 5% etan, 2% própan, 0,5% ísóbútan, 0,5% n-bútan, 1% aðrir efnisþættir, ammóníak, ólífræn sölt	Hráprótín: lág. 65%	- Alisvín 25 til 60 kg - Kálfar 80 kg og þyngri - Laxfiskar	Eftirfarandi skal koma fram á merkimiða eða umbúðum afurðarinnar: - heiti: „Prótínrík afurð gerjuð úr náttúrlegu gasi sem fæst með ræktun <i>Methylococcus capsulatus (Bath)</i> , <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i> og <i>Bacillus firmus</i> “ - hráprótín - hráaska - hráfitá - rakainnihald - notkunarleiðbeiningar - hámarks magn afurðarinnar í fóðrinu: - 8% alisvín - 8% kálfar - 19% laxfiskar (ferskvatn) - 33% laxfiskar (sjór) - tilmælin: „forðist innöndun“ Eftirfarandi skal koma fram á merkimiða eða umbúðum fóðurblöndunnar: - heiti: „Prótínafurð fengin með gerjun náttúrlegs gass“ - innihald afurðarinnar í fóðrinu“

2. Í lið 3.2.2 „Hreint fljótandi L-lýsín (basi)“ í flokki 3.2 „Lýsín“ í flokki 3. „Amínósýrur og sölt þeirra“ komi eftirfarandi texti í stað textans í 5. dálki: „L-lýsín: lág. 50%“.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/04****nr. 41/96  
frá 28. júní 1996****um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/96 frá 29. febrúar 1996<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 95/C 341/03 frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26d (ályktun ráðsins 95/C 258/01) í XI. viðauka við samninginn:

„26e. **395 Y 1219(03):** Ályktun ráðsins 95/C 341/03 frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu (Stjtíð. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 341/03 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 18, 25. 4. 1996, bls. 21.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 27. nóvember 1995

### um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu(\*)

(95/C 341/03)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og sem tekur tillit til eftirfarandi:

Í hvítbókinni um vöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál, sem var lögð fyrir leiðtogaráðið í Brussel í desember 1993, er lagt til að mótuð verði stefna um að þróa sameiginlegt upplýsingaumhverfi og einkum að auka skilvirkni á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni í Evrópu.

Niðurstaðna leiðtogaráðsins á Korfú í júní 1994 um skýrslu nefndar háttsettra embættismanna, sem Bangemann framkvæmdastjóri veitti forystu, um „Evrópu og hið víðtæka upplýsingaþjófélag“.

Leiðtogaráðið, sem kom saman í Cannes í júní 1995, lagði áherslu á þróunarmöguleika nýrra vaxtarsviða (svo sem margmiðlunar) og möguleika á að skapa störf til eflingar upplýsingaþjóféluginu og fór þess á leit að haldið yrði áfram að skapa þann lagaramma, sem nauðsynlegur er til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu á þessu sviði, samtímis því sem tekið yrði tillit til menningarlegrar fjölbreytni og ekki misst sjónar á því markmiði að tryggja jafnan aðgang að þessum nýju þjónustusviðum.

Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá júlí 1994 sem ber yfirskriftina „Evrópa á leið inn í upplýsingaþjófélagið: aðgerðaáætlun“ og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá maí 1995 um hvernig koma skuli viðföngum upplýsingaþjófélagsins í framkvæmd.

Grænbókarinnar um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum frá október 1994 og ályktunar ráðsins frá nóvember 1994.

#### I

1. Álitur að það sé pólitískt forgangsverkefni Evrópasambandsins að bregðast við þeirri áskorun sem felst í

upplýsingaþjóféluginu og þannig stuðla að sköpun atvinnutækifæra, auknum lífsgæðum borgaranna, aukinni samkeppnishæfni framleiðslukerfisins og aukinni efnahagslegri og félagslegri samheldni í sambandinu.

2. Álitur að upplýsinga- og fjarskiptatækni hafi úrslitabýðingu fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og þar sem hún stuðli að auknum fjárfestingum sé hún mikilvægur þáttur í viðgangi atvinnulífsins.
3. Álitur að það sé á ábyrgð fyrirtækja að tryggja og bæta samkeppnishæfni iðnaðarins og stjórnvalda að skapa forsendur fyrir samkeppni og viðeigandi laga- og stjórnsýsluramma.

#### II

4. Álitur að þróun upplýsingaþjófélagsins hafi tvíþætt áhrif á evrópskan iðnað:
  - hún hefur almenn áhrif á samkeppnishæfni iðnaðarins sem notanda grunnvirkja og upplýsingaþjónustu,
  - hún hefur bein áhrif á evrópska upplýsingaiðnaðinn, enda gegnir hann hlutverki birgis gagnvart atvinnurekendum, framleiðendum hvers kyns innihalds og þeim sem veita upplýsingaþjónustu, og á notendur.
5. Leggur áherslu á að upplýsingaiðnaðurinn muni hafa mikla þýðingu fyrir framtíð upplýsingaþjófélagsins og að iðnaðurinn í kringum upplýsingaþjónustuna verði að fá vaxtarrými.
6. Viðurkennir að einn af þeim þáttum sem hafa afgerandi áhrif á framþróun upplýsingaþjófélagsins er hvernig notendur taka þessari nýju þjónustu. Aukin eftirspurn á sviði iðnaðar kemur bæði til með að snerta almenn fjarskiptanet og einkarekin fjarskiptanet og nýtingu upplýsingaþjónustu sem þeim tengist, sem og framleiðslu og framsetningu innihalds.
7. Álitur að útbreiðsla upplýsinga- og fjarskiptatækni í upplýsingaþjóféluginu verði undir þróuninni á eftirfarandi sviðum komin:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtf. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

- *Ný viðföng*

Það kemur til með að hafa afgerandi þýðingu að velja úr viðföng er leiða til víðtækrar háþróaðrar margmiðlunarþjónustu, sem framkallar keðjuverkandi áhrif, og eykur þannig framboð vegna stærðarhagkvæmni.

Margt af þessu mun, þrátt fyrir að einkaframtakið gegni lykilhlutverki, beinast að félags-hagfræðilegum sviðum þar sem þátttaka ríkisins er umtalsverð (opinber stjórnsýsla, heilbrigðismál, mennta- og umhverfismál).

- *Almenn fjarskiptanet*

Verulegur hluti af eftirspurninni eftir tengi- og flutningsbúnaði er vegna almennra fjarskiptaneta og vegna stöðugt flóknari kerfa sem eru notuð við eftirlit og stýringu á netkerfunum sjálfum.

- *Fjarskipti í atvinnulífnum*

Í þróaðri samfélögum eru mestu vaxtarmöguleikarnir fólgnir í eftirspurn í atvinnulífnum, einkum frá stórum atvinnufyrirtækjum, ekki síst á fjármálasviðinu.

Þarfir fyrir samtengingu einkarekinna netkerfa skapa verulega sérhæfða eftirspurn eftir bæði vélbúnaði og hugbúnaði.

- *Framboð á búnaði til notenda*

Framboð á búnaði til notenda á heimilum er ein af grundvallarforsendum þess að unnt sé að tryggja eftirspurn sem gerir markaðssetningu nýrra netkerfa og þjónustu á sviði upplýsingatækni hagkvæma.

Notkun slíks búnaðar í atvinnuskyni heima fyrir, hjá sjálfstætt starfandi fólki og mjög litlum fyrirtækjum af ýmsu tagi (ráðgjöf, dreifing o.s.frv.) mun leiða til ört vaxandi eftirspurnar.

8. Leggur áherslu á mikilvægi þess að lokið sé við að afnema höft á fjarskiptum í samræmi við tímaáætlun sem er í gildi og Evrópusambandið hefur mælt fyrir um.
9. Viðurkennir að almennt talað sé staða evrópsks iðnaðar mjög góð hvað varðar tækni og framleiðslu á sviði fjarskiptabúnaðar, auk þess sem hljóð- og myndiðnaður stendur traustum fótum og geta á sviði hugbúnaðarþróunar sé umtalsverð, enda þótt hann hafi líka snögga bletti.
10. Leggur áherslu á að þróun upplýsingaþjófélagsins ætti, einkum vegna stöðugra breytinga á skipulagi framleiðsluaðferða fyrirtækja, að vera mikilvægur liður í að

útrýma svæðisbundnu óhagræði og efla efnahagslega og félagslega samheldni í Evrópusambandinu.

## III

FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA AÐ HÚN:

- 1) í stefnumiðum Evrópusambandsins, áætlunum og aðgerðum, og einkum við framkvæmd rammaáætlunarinnar um rannsóknir og þróunarstarf, stuðli að þróun upplýsinga- og fjarskiptatækni á sviði iðnaðar, með sérstöku tilliti til litilla og meðalstórra fyrirtækja;
- 2) láti fara fram athugun á því hvaða áhrif upplýsingaþjófélagið hafi á samkeppnishæfni í ýmsum greinum atvinnulífsins, þar sem byrjað yrði á núverandi stöðu evrópsks iðnaðar og lagðar fram tillögur um viðeigandi framtaksværfni sem stuðlað gætu að bættri stöðu hans á heimsmarkaði;
- 3) líti á slík framtaksværfni sem lið í stefnumörkun er tengist afnámi hafta á fjarskiptum í Evrópusambandinu. Unnt er að stuðla að slíkum framtaksværfnum með því að nota gildandi gerninga bandalagsins á viðeigandi hátt og beita þeim með skilvirkum og samræmdum hætti;
- 4) fylgi eftir þeim framtaksværfnum sem stuðla að eflingu upplýsingaiðnaðarins og nýju upplýsingaþjónustunnar, með hliðsjón af því hvaða þýðingu þessir þættir hafa fyrir iðnaðinn almennt;
- 5) haldi áfram að fara yfir ýmis tilraunaverkefni og aðrar tilraunir sem verið er að gera á evrópskum vettvangi og í aðildarríkjunum í tengslum við þróun upplýsingaþjófélagsins og hvetji til þess að upplýsingum um niðurstöður þeirra og bestu aðferðir sé dreift;
- 6) taki tillit, í núgildandi og síðari rammaáætlunum um rannsóknir og þróun, til forgangsatríða sem eru samhljóða niðurstöðum framangreindra athugana og eru líklegust til að stuðla að þróun iðnaðarins;
- 7) meti, sem lið í framangreindri stefnu, hvaða möguleikar eru fólgnir í sameiginlegum aðgerðum á vettvangi sambandsins og aðildarríkjanna, einkum með það í huga að stuðla að:
  - nánara samstarfi milli evrópskra fyrirtækja, þetta á einkum við um lítil og meðalstór fyrirtæki,
  - aukinni starfsemi á sviði stöðlunar sem getur flýtt fyrir tilkomu nýrrar þjónustu og aðgangi að og skipti á upplýsingum;
- 8) haldi áfram að greina hindranir og réttar- og stjórnsýsluáhrif sem snerta þróun opins og samkeppnishæfs umhverfis;

- 9) leggi fyrir ráðið á árinu 1996 orðsendingu um aðgerðir sem verða að liggja fyrir á vettvangi sambandsins til að unnt sé að skapa samkeppnishæfan evrópskan iðnað, sem getur tekist á við krefjandi verkefni og risið undir væntingum sem eru samfara upplýsingaþjóféluginu, og upplýsi auk þess ráðið með reglulegu millibili um framgang framtaksverkefna sem einkum tengjast iðnaðarþáttum upplýsingaþjófélagsins.

## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/51/05

nr. 42/96  
frá 28. júní 1996

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23 nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 27. lið (tilskipun ráðsins 94/45/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„28. **393 L 0104:** Tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23 nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (Stjttíð. EB nr. L 307, 13. 12. 1993, bls. 18).“

## 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 93/104/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 82, og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 84.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 307, 13. 12. 1993, bls. 18.



## TILSKIPUN RÁÐSINS 93/104/EB

frá 23. nóvember 1993

### um ákvæðna þætti er varða skipulag vinnutíma(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi, til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd launþega.

Samkvæmt þeirri grein skal í þessum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnáslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti líttilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ákvæði tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(4)</sup> eru í fullu gildi á sviðum sem þessi tilskipun tekur til, þó með fyrirvara um strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem eru sett með þessari tilskipun.

Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtoga ráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989 af ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogum 11 aðildarríkja, segir meðal annars í fyrstu undirgrein 7. liðar, 8. lið og fyrstu undirgrein 19. liðar:

„7. Stofnsetning innri markaðarins verður að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launþega í Evrópubandalaginu. Þessu markmiði skal ná með því að samræma kjörin innbyrðis jafnframt því sem umbætur eru gerðar, einkum að því er varðar lengd og skipulag vinnutíma og annað ráðningarform en ótímasetta samninga, svo sem samninga til ákveðins tíma, hlutastörf, tímabundna vinnu og árstíðabundin störf.

8. Sérhver launþegi í Evrópubandalaginu skal eiga rétt á hvíldartíma í hverri viku og launuðu orlofi á ársgrundvelli en smám saman skal samræma lengd hvíldartíma og orlofs í samræmi við þá hefð sem hefur skapast í hverju landi um sig.

19. Sérhver launþegi skal á vinnustað búa við fullnægjandi skilyrði að því er varðar öryggis- og heilsuvernd. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að samhæfa enn frekar skilyrði á þessu sviði jafnframt því sem unnið er áfram að umbótum.

Umbætur í öryggis, hollustu- og heilsuverndarmálum starfsmanna á vinnustað er markmið sem ekki skal látið ráðast af hreinum efnahagslegum sjónarmiðum.

Þessi tilskipun er liður í eiginlegri framkvæmd félagsmálahluta innri markaðarins.

Með því að mæla fyrir um lágmarkskröfur að því er varðar skipulag vinnutíma er stuðlað að bættum starfsskilyrðum launþega í bandalaginu.

Til að tryggja öryggi og heilsuvernd launþega í bandalaginu er nauðsynlegt að þeir fái lágmarkshvíldartíma - daglega, vikulega og árlega - og viðunandi hlé. Einnig er nauðsynlegt í þessu sambandi að setja þak á vikulegan vinnustundafjölda.

Taka ber tillit til meginreglna Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hvað varðar skipulag vinnutíma, að næturvinnu meðtalinni.

Hvað vikulegan hvíldartíma varðar skal taka tilhlýðilegt tillit til ólíkrar menningar, þjóðernis, trúarbragða og annarra þátta í aðildarríkjunum. Þegar upp er staðið er það í verkahring hvers aðildarríkis um sig að ákveða hvort og í hve ríkum mæli sunnudagar skuli teljast til vikulegs hvíldartíma.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 307, 13. 12. 1995, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 254, 9. 10. 1990, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 72, 18. 3. 1991, bls. 95; og ákvörðun frá 27. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 60, 8. 3. 1991, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

Rannsóknir hafa sýnt að mannlíkaminn er viðkvæmari að kvöld- og næturlagi fyrir truflunum úr umhverfinu og einnig gagnvart fþyngjandi vinnufyrirkomulagi og að langar næturvaktir geta haft skaðleg áhrif á heilsu starfsmanna og stofnað öryggi á vinnustað í hættu.

Þörf er á að takmarka tímabil næturvakta, að yfirvinnu meðtalinni, og setja þarf reglur um að vinnuveitendur sem að jafnaði hafa starfsmenn í næturvinnu tilkynni lögbærum yfirvöldum um það fari þau fram á slíkt.

Mikilvægt er að þeir sem stunda næturvinnu eigi rétt á heilbrigðiseftirliti þeim að kostnaðarlausu áður en þeir hefja vinnu á næturvöktum og með reglulegu millibili þaðan í frá og, sé þess nokkur kostur, að þeim sé gert kleift að fara í dagvinnu við þeirra hæfi komi til heilsufarsvandamála.

Þegar um næturvinnu eða vaktavinnu er að ræða verður að laga kröfur um öryggis- og heilsuvernd að eðli starfsins og sjá fyrir fullnægjandi verndar- og forvarnarþjónustu og öðrum varúðarráðstöfunum ásamt nauðsynlegum aðbúnaði.

Sérstakar aðstæður á vinnustað geta haft skaðleg áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna. Við skipulagningu vinnu eftir ákvæðnu mynstri skal tekið til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga beri vinnuna að starfsmanninum.

Vegna eðlis viðkomandi starfs getur reynst nauðsynlegt að gera sérhæfðar ráðstafanir hvað varðar skipulag vinnutíma á tilteknum sviðum eða í tilteknum greinum sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

Með tilliti til þeirra spurninga sem geta vaknað í tengslum við skipulag vinnutíma innan fyrirtækis virðist æskilegt að heimila ákvæðinn sveigjanleika við beitingu tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar, enda sé tryggt að farið sé að meginreglunni um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Nauðsynlegt er að kveða á um að veita megi undanþágu frá tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar sem aðildarríkin eða aðilar vinnumarkaðarins veita í hverju tilviki um sig. Þegar undanþága er veitt skal sú meginregla gilda að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. ÞÁTTUR

#### GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

##### 1. gr.

##### Markmið og gildissvið

- Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd í tengslum við skipulag vinnutíma.
- Þessi tilskipun gildir um:

- daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma og árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku; og
- tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur.

3. Þessi tilskipun gildir um alla starfsemi á vegum hins opinbera eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE, samanber þó 17. gr. þessarar tilskipunar, að undanskildum loft-, járnbrautar-, veg-, sjó- og vatnaflutningum og flutningum á skipgengum vatnaleiðum, veiðum á sjó, annarri vinnu á sjó og starfsemi tengdri námi lækna.

4. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að öllu leyti um málefni sem um getur í 2. mgr., með fyrirvara um strangari og/eða sérhæfðari ákvæði þessarar tilskipunar.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- vinnutími*: sá tími sem starfsmaður er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlend lög og/eða réttarvenju;
- hvíldartími*: tími sem telst ekki til vinnutíma;
- næturvinnutími*: tímabil sem er ekki skemmra en sjö klukkustundir, eins og skilgreint er í innlendum lögum, og verður undir öllum kringumstæðum að vera á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni;
- næturvinnustarfsmaður*:
  - annars vegar starfsmaður sem að jafnaði vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma að næturlagi; og
  - hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu að næturlagi og er sá hluti skilgreindur að vali viðkomandi aðildarríkis:
    - með innlendri löggjöf, að undangengnu samráði við aðila vinnumarkaðarins, eða
    - með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi eða á hverjum stað um sig;
- vaktavinna*: vinna sem einkennist af því að henni er skipt niður á vaktir þar sem hver starfsmaður tekur við af öðrum á sama vinnustað samkvæmt tilteknu kerfi, með vaktaskiptum, sem getur verið hvort heldur sem er samfelld eða ósamfelld, og sem krefst þess að starfsmaður vinni á mismunandi vöktum yfir tiltekið tímabil sem er mælt í dögum eða vikum;

6. *vaktavinnustarfsmaður*: starfsmaður sem tekur þátt í vaktavinnu.

## II. ÞÁTTUR

### LÁGMARKSHVÍLDARTÍMI — AÐRIR ÞÆTTIR ER VARÐA VINNUTÍMASKIPULAG

#### 3. gr.

##### Dagleg hvíld

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hverjum starfsmanni daglegan hvíldartíma samfellt í 11 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

#### 4. gr.

##### Hlé

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir, nánar skal kveðið á um það, svo sem hve langt það skal vera og við hvaða forsendur skal miða, í heildarsamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, í innlendra löggjöf.

#### 5. gr.

##### Vikulegur hvíldartími

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á samfelldum lágmarkshvíldartíma í 24 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili til viðbótar við 11 klukkustunda hvíldartímann sem um getur í 3. gr.

Lágmarkshvíldartíminn sem um getur í fyrstu undirgrein skal að jafnaði taka til sunnudags.

Ef hlutlægar eða tæknilegar aðstæður í tengslum við vinnutímaskipulagið réttlæta slíkt er heimilt að kveða á um 24 klukkustunda lágmarkshvíldartíma.

#### 6. gr.

##### Vikulegur hámarksvinnutími

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með tilliti til kröfunnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, til að tryggja að:

1. vikulegur vinnutími sé takmarkaður með ákvæðum laga eða stjórnisýslufyrirmæla eða með heildarsamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins;
2. meðalvinnustundafjöldi fyrir sjö daga tímabil fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni.

#### 7. gr.

##### Árlegt orlof

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öllum launþegum rétt á launuðu árlegu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendra löggjöf og/eða réttarvenju.

2. Ekki má láta peningaleg hlunnindi koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs nema þegar um starfslok er að ræða.

## III. ÞÁTTUR

### NÆTURVINNA — VAKTAVINNA — VINNUMYNSTUR

#### 8. gr.

##### Lengd næturvinnutíma

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili;
2. næturvinnustarfmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum, eða störfum sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag, vinni ekki lengur en átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili sem þeir eru við næturvinnu.

Hvað þetta atriði varðar skulu áhættusöm störf eða störf sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag skilgreind í innlendra löggjöf og/eða réttarvenju eða heildarsamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins, að teknu tilliti til hliðarverkana og áhættu sem fylgir næturvinnu.

#### 9. gr.

##### Heilbrigðiseftirlit og tilfærsla næturvinnustarfsmanna yfir í dagvinnu

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) næturvinnustarfmenn eigi rétt á heilbrigðiseftirliti sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá;
- b) næturvinnustarfmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, séu færðir til þegar kostur er í dagvinnustörf sem henta þeim.

2. Heilbrigðiseftirlitið sem um getur í a-lið 1. mgr. skal lúta reglum um þagnarskyldu lækna.

3. Heilbrigðiseftirlitið sem um getur í a-lið 1. mgr. skal fara fram innan innlenda heilbrigðiskerfisins.

#### 10. gr.

##### Tryggingar vegna næturvinnu

Aðildarríkin geta látið vinnu tiltekinna hópa næturvinnustarfsmanna vera háða tryggingum, með skilyrðum sem mælt er fyrir um í innlendra löggjöf og/eða réttarvenju, þegar um er að ræða starfsmenn sem taka áhættu með vinnu sinni hvað öryggi eða heilsufar varðar.

**11. gr.****Tilkynning um reglubundna ráðningu  
næturvinnustarfsmanna**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu tilkynni lögbærum yfirvöldum um það fari þau fram á slíkt.

**12. gr.****Öryggis- og heilsuvernd**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. þeir sem stunda næturvinnu og vaktavinnu njóti öryggis- og heilsuverndar sem hæfir eðli starfsins;
2. viðeigandi verndar- og forvarnarþjónusta og aðbúnaður er varðar öryggi og heilsufar þeirra sem vinna næturvinnu og vaktavinnu samsvari þeim sem gilda um aðra starfsmenn og að þessi aðstaða sé alltaf til reiðu.

**13. gr.****Vinnuþynstur**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna að starfsmanninum, einkum með það í huga að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem eru unnin með fyrirfram ákveðnum hraða, og eftir því um hvaða störf er að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, sérstaklega hvaða varðar hlé í vinnutíma.

**IV. ÞÁTTUR****ÝMIS ÁKVÆÐI****14. gr.****Sérákvæði bandalagsins**

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki gilda þegar önnur bandalagsákvæði fela í sér sérhæfðari kröfur varðandi tiltekna starfsgreinar eða atvinnustarfsemi.

**15. gr.****Hagstæðari ákvæði**

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða setja lög eða stjórnsýsluákvæði, sem eru hagstæðari að því er varðar öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, eða til að auðvelda eða heimila beitingu heildarsamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins sem eru hagstæðari hvað varðar öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

**16. gr.****Viðmiðunartímabil**

Aðildarríkin geta sett ákvæði um:

1. vegna beitingar 5. gr. (vikulegur hvíldartími), viðmiðunartímabil sem má ekki vera lengra en 14 dagar;

2. vegna beitingar 6. gr. (vikulegur hámarksvinnutími), viðmiðunartímabil sem má ekki vera lengra en fjórir mánuðir.

Árlegt launað orlof sem er veitt samkvæmt 7. gr. og sjúkraleyfi skulu ekki talin með eða eru hlutlaus hvað meðaltalsútreikninga varðar;

3. vegna beitingar 8. gr. (lengd næturvinnutíma), viðmiðunartímabil sem er skilgreint í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu svæði.

Ef vikulegur lágmarkshvíldartími í 24 klukkustundir, sem krafist er samkvæmt 5. gr., fellur saman við viðmiðunartímabilið skal hann ekki talinn með við meðaltalsútreikningana.

**17. gr.****Undanþáguákvæði**

1. Með tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna geta aðildarríkin vikið frá ákvæðum 3., 4., 5., 6., 8. eða 16. gr. þegar lengd vinnutímans verður ekki mæld og/eða fyrirfram ákveðin, vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa, eða starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða:

- a) starfsmenn er gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem hefur umboð til að taka sjálfstæðar ákvarðanir;
- b) starfsmenn innan sömu fjölskyldu; eða
- c) starfsmenn sem starfa á vegum kirkna og trúfélaga.

2. Veita má undanþágur frá eftirfarandi greinum með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, eða heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins, að því tilskildu að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða - í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt af hlutlægum ástæðum að veita samsvarandi hvíldartíma - hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd:

- 2.1. greinum 3, 4, 5, 8 og 16:

- a) vegna starfa þar sem vinnustaður er fjarri búsetustað viðkomandi starfsmanns eða langt er á milli mismunandi vinnustaða starfsmannsins;
- b) vegna starfa sem tengjast öryggis- og eftirlitsstörfum sem krefjast stöðugrar viðveru til verndar eignum og fólki, hér er einkum átt við öryggisverði og aðra verði eða öryggisgæslufyrirtæki;
- c) vegna starfa sem fela í sér þörf á samfelldri þjónustu eða framleiðslu, hér er einkum átt við:

- i) þjónustu sem tengist móttöku, meðferð og/eða umönnun á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum, dvalarstofnunum og fangelsum,
  - ii) hafnar- eða flugvallarstarfsmenn,
  - iii) fólk sem starfar við blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndaframleiðslu, póst- og fjarskiptaþjónustu, sjúkra-, bruna- og almannavarnaþjónustu,
  - iv) gas-, vatns- og rafmagnsframleiðslu og dreifingu, sorphirðu og brennsluver,
  - v) atvinnugreinar þar sem ekki er unnt að rjúfa vinnuferli af tæknilegum ástæðum,
  - vi) rannsóknar- og þróunarvinnu,
  - vii) landbúnað;
- d) þegar vinnuhrota er fyrirjáanleg, einkum í:
- i) landbúnaði,
  - ii) ferðaþjónustu,
  - iii) pósthjónustu;

## 2.2. greinum 3, 4, 5, 8 og 16:

- a) við aðstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE;
- b) þegar um slyss eða yfirvofandi slyssahættu er að ræða;

## 2.3. greinum 3 og 5:

- a) vegna vaktavinnu, þegar um vaktaskipti er að ræða og starfsmaðurinn getur ekki tekið daglegan og/eða vikulega hvíldartíma milli loka eins vaktatímabils og upphafs þess næsta;
- b) þegar um er að ræða starfsemi þar sem vinnunni er skipt upp yfir daginn, einkum hvað varðar ræstingar.

3. Veita má undanþágur frá 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu svæði eða, samkvæmt reglum sem þessir aðilar hafa sett, með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á neðra þrepi.

Aðildarríki sem hafa ekki lögboðið kerfi sem kveður á um gerð heildarsamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins í landinu eða á tilteknu svæði, um þau málefni sem þessi tilskipun

tekur til, eða aðildarríki sem hafa sérstakan lagaramma í þessu skyni, geta, innan marka hans, í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju, heimilað undanþágur frá ákvæðum 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á viðeigandi samningsstigi.

Heimila ber undanþágurnar sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein með því skilyrði að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða - í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt af hlutlægum ástæðum að veita samsvarandi hvíldartíma - hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd.

Aðildarríkin geta sett nánari reglur um:

- hvornig aðilar vinnumarkaðarins skuli beita þessari málsgrein, og
- hvornig ákvæði heildarsamninga og samninga sem eru gerðir með skírskotun til þessarar málsgreinar geti náð til annarra starfsmanna í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju.

4. Heimildin til að víkja frá ákvæðum 2. liðar 16. gr., sem kveðið er á um í 2. mgr., liðum 2.1 og 2.2, og 3. mgr. þessarar greinar, má ekki verða til þess að viðmiðunartímabil verði lengra en sex mánuðir.

Aðildarríkin skulu þó eiga kost á, enda fari þau að almennu meginreglunum um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, að leyfa að sett séu, liggi til þess hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða sé starfið þess eðlis, með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins, viðmiðunartímabil sem mega ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en 12 mánuðir.

Áður en sjö ára tímabil, talið frá dagsetningunni sem um getur í a-liði 1. mgr. 18. gr., rennur út skal ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem matsskýrsla fylgir, endurskoða ákvæði þessarar málsgreinar og ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið.

### 18. gr.

#### Lokaákvæði

1. a) Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. nóvember 1996, eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að aðilar vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.
- b) i) Aðildarríki getur þó látið vera að beita ákvæðum 6. gr., ef það virðir almennu meginreglurnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna og að því tilskildu að það tryggi að:

- enginn vinnuveitandi krefjist þess að starfsmaður vinni meira en 48 klukkustundir

- á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í 2. lið 16. gr., nema hann hafi fyrst hlotið samþykki starfsmannsins til slíkrar vinnu,
- starfsmaður sé ekki látinn gjalda þess að hann sé ekki reiðubúinn til að samþykkja að inna slíka vinnu af hendi,
  - vinnuveitandinn haldi uppfærðar skrár yfir alla starfsmenn sem inna slíka vinnu af hendi,
  - skrárnar séu hafðar til reiðu fyrir lögbær yfirvöld sem geta af öryggis- og/eða heilbrigðisástæðum bannað eða takmarkað möguleika starfsmanna á að fara fram yfir vikulegan hámarksvinnutíma,
  - vinnuveitandinn veiti lögbærum yfirvöldum, fari þau fram á slíkt, upplýsingar um tilvik þar sem starfsmenn hafa veitt samþykki fyrir því að vinna meira en 48 stunda vinnu á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í 2. lið 16. gr.
- Áður en sjö ára tímabil, talið frá dagsetningunni sem um getur í a-lið, rennur út skal ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem matsskýrsla fylgir, endurskoða ákvæði þessa i-liðar og ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið.
- ii) Aðildarríkjunum skal jafnframt vera kleift, hvað varðar beitingu ákvæða 7. gr., að hafa aðlögunartímabil sem má þó ekki vera lengra en þrjú ár talið frá dagsetningunni sem um getur í a-lið, að því tilskildu að á aðlögunartímabilinu sé tryggt:
- að allir starfsmenn fái þriggja vikna árlegt orlof á launum enda uppfylli þeir skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju, og
  - að peningaleg hlunnindi séu ekki látin koma í stað þriggja vikna launaðs árlegs orlofs, nema þegar um starfslok er að ræða.
- c) Aðildarríkin skulu tilkynna þetta framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur laga- eða samningsákvæði hvað vinnutíma varðar, að því tilskildu að lágmarkskröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.
5. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.
- Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum.
6. Framkvæmdastjórnin skal á fimm ára fresti leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til 1., 2., 3., 4. og 5. mgr.
- 19. gr.**
- Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. SMET**

forseti.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/06****nr. 43/96  
frá 28. júní 1996****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 94/33/EB frá 22. júní 1994 um vinnuvernd barna og ungmenna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 28. lið (tilskipun ráðsins 93/104/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„29. **394 L 0033:** Tilskipun ráðsins 94/33/EB frá 22. júní 1994 um vinnuvernd barna og ungmenna (Stjtið. EB nr. L 216, 20. 8. 1994, bls. 12).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/33/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 82, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 84.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 216, 20. 8. 1994, bls. 12.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 94/33/EB

frá 22. júní 1994

## um vinnuvernd barna og ungmenna(\*)

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum á vinnuumhverfi að því er varðar öryggi og heilsu launþega.

Samkvæmt þeirri grein skal með slíkum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í 20. og 22. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtoga ráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989, segir:

„20. Með fyrirvara um reglur sem geta verið börnum og ungmennum hagstæðari, einkum þeim sem tryggja að þau fái næga starfsþjálfun áður en þau hefja störf, og með fyrirvara um undanþágur sem eru takmarkaðar við tiltekin störf af léttara tagi, má ekki ráða börn eða ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri, til starfa og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

22. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir með það í huga að laga vinnuverndarákvæði sem gilda um börn og ungmenni þannig að þau taki mið af þörfum þeirra til einstaklingsbundins þroska, starfsmenntunar og aðgangs að vinnumarkaðinum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 216, 20. 8. 1994, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 84, 4. 4. 1992, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 70.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 1992 (Stjtið. EB nr. C 21, 25. 1. 1993, bls. 167). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. nóvember 1993 (hefur ekki enn birst í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 89).

Einkum skal takmarka vinnutíma ungmenna undir 18 ára aldri - ekki má vera hægt að sniðganga þetta ákvæði með yfirvinnu - og banna næturvinnu, nema þegar um er að ræða tiltekin störf sem kveðið er á um í innlendum lögum eða reglum.“

Taka ber tillit til meginreglna Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hvað varðar vinnuvernd barna og ungmenna, að meðtöldum ákvæðum um lágmarksaldur við starfsráðningu.

Í ályktun sinni um vinnu barna <sup>(4)</sup> tók Evrópuþingið saman ýmis atriði er varða vinnu barna og ungmenna og lagði meðal annars áherslu á áhrif hennar á heilsu þeirra, öryggi og andlegan og líkamlegan þroska og benti á þörfina á að sett verði tilskipun um samhæfingu löggjafar aðildarríkjanna á þessu sviði.

Í 15. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(5)</sup> er kveðið á um að vernda beri áhættuhópa sem eru sérlega viðkvæmir fyrir hættum sem stöðja einkum að þeim.

Börn og unglíngar hljóta að teljast sérstakir áhættuhópar og því ber að gera ráðstafanir til að vernda öryggi þeirra og heilsu.

Vegna þess hve varnarlaus börn eru ber aðildarríkjunum að banna vinnu þeirra og tryggja að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára. Einungis má heimila undanþágur frá banni við vinnu barna í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Hvað sem öðru líður mega slíkar undanþágur í engum tilvikum hafa skaðleg áhrif á skólagöngu barnanna eða koma í veg fyrir að þau geti nýtt sér hana til fullnustu.

Með það umrót í huga sem fylgir því að breytast úr barni í fullþroska einstakling ber að fylgjast náið með vinnu unglínga á aldrinum 15 til 17 ára og vernda þá.

Sérhverjum vinnuveitanda ber að tryggja börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Vinnuveitendum ber að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að vernda öryggi og heilsu barna og ungmenna á grundvelli mats á áhættu sem starfið getur skapað þeim.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 190, 20. 7. 1987, bls. 44.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.



Aðildarríkjunum ber að vernda börn og ungmenni gegn hverri þeirri áhættu sem ungur aldur þeirra og reynsluleysi getur skapað þeim, eða grandvaraleysi þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi.

Af þeim sökum ber aðildarríkjunum að banna að börn og ungmenni séu ráðin í þau störf sem eru tilgreind í þessari tilskipun.

Með því að samþykkja sérstakar lágmarkskröfur um skipulag vinnutíma má bæta vinnuskilyrði barna og ungmenna.

Setja skal strangar reglur um hámarksvinnutíma barna og ungmenna og bann við að þau stundi næturvinnu, að undanskildum tilteknum störfum sem sérstaklega er kveðið á um í innlendra löggjöf eða stjórnslufyrirmælum.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að atvinnuþátttaka unglinga á aldrinum 15 til 17 ára sem stunda skólanám hafi ekki skaðleg áhrif á námsástundun þeirra.

Þegar börn og ungmenni vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem þetta nám tekur sem vinnutíma.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og ungmenna ber þeim að fá lágmarkshvildartíma - daglega, vikulega og á ársgrundvelli - og viðunandi hlé.

Hvað vikulegan hvíldartíma varðar skal taka tilhlýðilegt tillit til ólíkrar menningar, þjóðernis, trúarbragða og annarra þátta sem eru fyrir hendi í aðildarríkjunum. Þegar upp er staðið er það í verkahring hvers aðildarríkis um sig að ákveða hvort sunnudagar skuli teljast til vikulegs hvíldartíma og þá í hve ríkum mæli.

Hæfileg starfsreynsla af vinnumarkaði getur stuðlað að því markmiði að búa ungmenni undir líf og starf í samfélagi fullorðinna, að því tilskildu að tryggt sé að hún hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi þeirra, heilsu og þroska.

Enda þótt nauðsynlegt geti reynst að heimila undanþágur frá tilteknum ákvæðum og takmörkunum þessarar tilskipunar, í tengslum við ákveðna starfsemi eða sérstakar aðstæður, má ekki beita þeim á þann veg að það brjóti í bága við þær meginreglur sem liggja til grundvallar ákvæðum um verndun barna og ungmenna.

Með þessari tilskipun næst áþreifanlegur árangur í að koma félagslegum markmiðum innra markaðarins í framkvæmd.

Við útfærslu verndarkerfisins sem kveðið er á um í þessari tilskipun verða aðildarríkin að gera ráðstafanir sem skila árangri og eru við hæfi.

Framkvæmd sumra ákvæða þessarar tilskipunar skapar ákveðin vandamál í einu aðildarríkjana að því er varðar ákvæði þess um vinnuvernd barna og ungmenna. Því ætti að heimila þessu aðildarríki að víkja frá viðkomandi ákvæðum um hæfilegt skeið.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. ÞÁTTUR

#### 1. gr. Markmið

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna.

Þau skulu sjá til þess, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að börn og ungmenni, sem eru enn á skólaskyldualdri samkvæmt landslögum, séu ekki ráðin til vinnu og í engum tilvikum ungmenni yngri en 15 ára.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fylgst sé náð með vinnu unglinga á aldrinum 15 til 17 ára og þau vernduð samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu almennt tryggja að vinnuveitendur skapi börnum og ungmennum vinnuskilyrði sem hæfa aldri þeirra.

Þau skulu tryggja að börn og ungmenni séu vernduð gegn arðráni og gegn hverri þeirri atvinnu sem getur skaðað öryggi þeirra, heilsu eða líkamlegan, andlegan, siðferðilegan eða félagslegan þroska þeirra eða haft truflandi áhrif á menntun þeirra.

#### 2. gr. Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis.

2. Aðildarríki geta með lögum eða stjórnslufyrirmælum kveðið á um að þessi tilskipun gildi ekki, innan þeirra takmarka og með þeim skilyrðum sem eru sett í lögum eða stjórnslufyrirmælum, um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma, að því er varðar:

- heimilisaðstoð á einkaheimilum, eða
- vinnu, sem hvorki telst skaðleg né hættuleg börnum og ungmennum, í fjölskyldufyrirtæki.

#### 3. gr. Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ungmenni“: einstaklingur undir 18 ára aldri sem um getur í 1. mgr. 2. gr.;
- „barn“: ungmenni sem er undir 15 ára aldri eða ungmenni sem er í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;
- „unglingur“: ungmenni sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum;

- d) „starf af léttara tagi“: hvert það starf sem, vegna eðlis þeirra verkefna sem í því felast eða sérstakra aðstæðna við framkvæmd þeirra:
- hefur ekki skaðleg áhrif á öryggi, heilsu eða þroska barna, og
  - er ekki þess eðlis að það komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra í starfsleiðbeiningar- eða starfsmenntunaráætlunum, sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað;
- e) „vinnutími“: sá tími sem ungmenni er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju;
- f) „hvíldartími“: tími sem telst ekki til vinnutíma.

#### 4. gr.

##### Bann við vinnu barna

- Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna.
- Með tilliti til markmiðanna sem fram koma í 1. gr., geta aðildarríkin með lögum eða stjórnslufyrirmælum ákveðið að bann við vinnu barna gildi ekki um:
  - börn sem taka þátt í þeirri starfsemi sem kveðið er á um í 5. gr.;
  - börn sem hafa náð 14 ára aldri er vinna hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, enda fari slík vinna fram í samræmi við skilyrði sem lögbært yfirvald setur;
  - börn sem hafa náð 14 ára aldri og stunda önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr.; 13 ára börn geta þó stundað önnur störf af léttara tagi en þau sem fjallað er um í 5. gr. í takmarkaðan stundafjölda á viku þegar um ákveðna verkefnaflokka, sem eru tilteknir í landslögum, er að ræða.
- Aðildarríki sem nýta sér ákvæði c-liðar 2. mgr. skulu, með fyrirvara ákvæði þessarar tilskipunar, kveða á um vinnuskilyrði vegna umræddra starfa af léttara tagi.

#### 5. gr.

##### Menningarstarfsemi og önnur áþekk starfsemi

- Einungis er heimilt að ráða börn til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþróttar- eða auglýsingastarfsemi að fyrirfram hafi fengist leyfi til þess hjá lögbærnu yfirvaldi í hverju einstöku tilviki um sig.
- Aðildarríkin skulu með lögum eða stjórnslufyrirmælum mæla fyrir um starfsskilyrði barna í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. og hvernig staðið skuli að fyrirframveitingu leyfis, enda sé þessi starfsemi:

- ekki líkleg til að hafa skaðleg áhrif á öryggi, heilsu eða þroska barna, og
  - ekki þess eðlis að hún komi niður á skólagöngu þeirra, þátttöku þeirra í starfsleiðbeiningar- eða starfsmenntunaráætlunum, sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt, eða getu þeirra til að nýta sér ávinning þess náms sem þau hafa stundað.
- Þrátt fyrir málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geta aðildarríkin, með lögum eða stjórnslufyrirmælum, í samræmi við skilyrði sem þau setja, heimilað að ráða megi börn sem hafa náð 13 ára aldri til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum, íþróttar- eða auglýsingastarfsemi.
  - Aðildarríki sem hafa sérstakar reglur um starfsleyfi til handa fyrirsætuskrifstofum með tilliti til starfa barna geta látið þær reglur gilda áfram.

## II. ÞÁTTUR

#### 6. gr.

##### Almennar skyldur vinnuveitenda

- Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda öryggi og heilsu barna og ungmenna, einkum með því að taka tillit til þeirra sérstöku áhættuþátta sem um getur í 1. mgr. 7. gr.
  - Vinnuveitandinn skal gera ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. á grundvelli mats á áhættu sem vinnan getur skapað börnum og ungmennum.
- Matið verður að fara fram áður en börn eða ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum, en við það skulu eftirtalin atriði einkum skoðuð:
- innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar;
  - eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra áhrifavalda og hve langvarandi þeir eru;
  - innréttingar, val og notkun á búnaði sem tengist starfinu, má þar nefna áhrifavalda ýmiss konar, vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
  - skipulag vinnuferla og vinnutilhögunar og samspilið milli þeirra (skipulag vinnunnar);
  - hvernig börn og ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Ef matið sýnir að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennanna er stofnað í hættu skal séð til þess að fram fari, með reglulegu millibili og þeim að kostnaðarlausu, viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna, samanber þó tilskipun 89/391/EBE.

Ókeypis heilbrigðisskoðun og -eftirlit getur farið fram innan ramma innlenda heilbrigðiskerfisins.

3. Vinnuveitandinn skal kynna börnum og ungmennum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilsu.

Enn fremur ber honum að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar með tilliti til öryggis þeirra og heilsu.

4. Vinnuveitandinn skal gera ráð fyrir verndar- og forvarnarþjónustu, eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE, við skipulagningu, framkvæmd og eftirlit með öryggis- og heilbrigðisskilyrðunum sem gilda í tengslum við vinnu barna og ungmenna.

### 7. gr.

#### Varnarleysi barna og ungmenna - Bann við vinnu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að börn og ungmenni séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska er búin og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin banna að börn og ungmenni séu ráðin til:

- a) vinnu sem er sannanlega ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra;
- b) vinnu sem felur í sér að þau verða fyrir áhrifum eiturefna, krabbameinsvaldandi efna, efna sem geta valdið arfgengum skaða á erfðaeftum, efna sem geta valdið fósturskemmdum eða með öðrum hætti geta valdið mönnum varanlegu heilsutjóni;
- c) vinnu þar sem menn verða fyrir skaðlegri geislun;
- d) vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og ungmenni geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun; eða
- e) vinnu sem stofnar heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda eða hita, eða hávaða eða titrings.

Vinna sem getur skapað sérstaka hættu fyrir börn og ungmenni í skilningi 1. mgr. er meðal annars:

- vinna sem felur í sér að viðkomandi verði fyrir eðlis-, efna- og líffræðilegum áhrifavöldum sem um getur í I. lið viðaukans, og
- vinnsluferli og störf sem um getur í II. lið viðaukans.

3. Aðildarríkin geta með lögum eða stjórnsluákvæðum heimilað undanþágur frá 2. mgr., þegar um er að ræða unglinga og slíkar undanþágur eru óhjákvæmilegar vegna starfsnáms þeirra, að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings í skilningi 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE og að því tilskildu að sú vernd sem kveðið er á um í þeirri tilskipun sé tryggt.

### III. ÞÁTTUR

#### 8. gr.

#### Vinnutími

1. Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka vinnutíma barna við:

- a) átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn er vinna hjá fyrirtæki og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi;
- b) tvær stundir á skóladegi og 12 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma, að því tilskildu að þetta sé ekki bannað samkvæmt innlendri löggjöf og/eða réttarvenju;

daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö stundir; þessi mörk má hækka í átta stundir ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;

- c) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á minnst einni viku á tíma sem skólinn starfar ekki; þessi mörk má hækka í átta stundir á dag og 40 stundir á viku ef í hlut eiga börn sem hafa náð 15 ára aldri;
- d) sjö stundir á dag og 35 stundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi unna af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi samkvæmt landslögum.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka vinnutíma unglinga við átta stundir á dag og 40 stundir á viku.

3. Þegar ungmenni vinnur hjá fyrirtæki, og vinnan er hluti af fræðilegu og/eða verklegu námsfyrirkomulagi, ber að líta á þann tíma sem þetta nám tekur sem vinnutíma.

4. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum vinnuveitanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustundafjölda.

5. Aðildarríkin geta, með laga- eða stjórnsluákvæðum, heimilað undanþágur frá ákvæðum a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.

Aðildarríkin skulu, með laga- eða stjórnsluákvæðum, ákveða skilyrði, takmörk og málsmeðferð við framkvæmd slíkra undanþágna.

**9. gr.**  
**Næturvinna**

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu unglinga annaðhvort á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6 eða frá kl. 23 til kl. 7.
2. a) Aðildarríkin geta með laga- eða stjórnsýsluákvæðum heimilað vinnu unglinga á sérstökum starfssviðum á þeim tíma sem næturvinna er bönnuð eins og um getur í b-lið 1. mgr.

Þegar svo ber undir skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir og sjá til þess að fullorðinn einstaklingur hafi umsjón með unglingsnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar unglingsnum.

- b) Ef a-lið er beitt er vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4 engu að síður bönnuð.

Þó geta aðildarríkin með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum í eftirfarandi tilvikum heimilað unglingsnum að vinna á tímabilinu þar sem næturvinna er bönnuð, þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingsmennirnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:

- þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum;
- þegar um er að ræða störf á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga.

3. Unglingar skulu, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, eiga rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni, sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð.

**10. gr.**  
**Hvíldartími**

1. a) Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn fái minnst 14 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.
- b) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unglingar fái minnst 12 stunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að á hverju sjö daga tímabili:

- fái börn, sem þau hafa látið ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. gilda um, og

- unglingar

minnst tveggja daga hvíldartímabil, sem skal vera samfellt ef kostur er.

Ef slíkt er réttlæt看legt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum er heimilt að stytta lágmarkshvíldartímann, en hann má aldrei vera styttri en 36 samfelldar stundir.

Lágmarkshvíldartíminn sem um getur í fyrstu og annari undirgrein skal að jafnaði taka til sunnudags.

3. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnsýslufyrirmælum sett ákvæði sem heimila að vikið sé frá lágmarkshvíldartímanum sem um getur í 1. og 2. mgr. þegar um er að ræða vinnu sem skiptist niður í margar styttri vinnulotur eða er skipt upp yfir daginn.

4. Aðildarríkin geta með lögum og stjórnsýslufyrirmælum veitt undanþágur frá b-lið 1. mgr. og 2. mgr. vegna unglinga í eftirfarandi tilvikum, þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að þeir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma og að markmið 1. gr. séu ekki dregin í efa:

- a) þegar um er að ræða vinnu við sjómennsku og fiskveiðar;
- b) þegar um er að ræða vinnu er tengist herþjónustu eða löggæslu;
- c) þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum;
- d) þegar um er að ræða störf á sviði landbúnaðar;
- e) þegar um er að ræða störf á sviði ferðamála eða í hótél- og veitingarekstri;
- f) þegar um er að ræða vinnu sem skiptist í styttri vinnulotur yfir daginn.

**11. gr.**  
**Árlegur hvíldartími**

Aðildarríki sem nýta sér ákvæði b- eða c-liðar 2. mgr. 4. gr. skulu sjá til þess að börn og ungmenni, sem heyra undir innlend ákvæði um skólaskyldu í fullu námi, fái, að svo miklu leyti sem hægt er, samfellt frí frá vinnu einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

**12. gr.**  
**Hlé**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að börn og ungmenni fái minnst 30 mínútna hlé, sem skal vera samfellt ef kostur er, ef daglegur vinnutími er lengri en fjórir og hálfur tími.

**13. gr.****Vinna unglunga í óviðráðanlegum tilvikum**

Aðildarríkin geta með lögum og stjórnsýslufyrirmælum veitt undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. 8. gr., b-lið 1. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 10. gr. og að því er unglunga varðar frá ákvæðum 12. gr., ef um er að ræða vinnu við þær kringumstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. í tilskipun 89/391/EBE, að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

**IV. ÞÁTTUR****14. gr.****Ráðstafanir**

Hvert aðildarríki um sig ákveður til hvaða ráðstafana skuli grípa ef til þess kemur að ákvæði sem eru sett til framkvæmdar þessari tilskipun eru brotin; slíkar ráðstafanir verða að vera árangursríkar og í réttu hlutfalli við brotið.

**15. gr.****Aðlögun viðaukans**

Tæknileg aðlögun viðaukans með tilliti til tækniframfara, breytinga á alþjóðlegum reglum eða forskriftum og aukinnar þekkingar á því sviði sem þessi tilskipun fjallar um skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

**16. gr.****Ákvæði sem hefur ekki takmarkandi áhrif**

Með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að hafa mótandi áhrif á ýmis ákvæði á sviði vinnuverndar barna og ungmenna, eftir því sem aðstæður breytast, getur framkvæmd þessarar tilskipunar ekki talist réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr almennri vinnuvernd barna og ungmenna, enda sé lágmarkskröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun fullnægt.

**17. gr.****Lokaákvæði**

1. a) Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júní 1996, eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að aðilar vinnumarkaðarins hafi með almennum samningum sett viðeigandi ákvæði, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir

er gera þeim kleift að ábyrgjast að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

- b) Breska konungsríkið getur þó látið vera að beita ákvæðum fyrstu undirgreinar b-liðar 1. mgr. 8. gr., að því er varðar hámarksvinnutíma á viku, og einnig ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. í fjögur ár frá þeim degi sem er tilgreindur í a-lið.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um áhrif þessa ákvæðis.

Ráðið ákveður, í samræmi við skilyrði sáttmálans, hvort heimilt er að framlengja þetta tímabil.

- c) Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni.

5. Framkvæmdastjórnin skal með reglulegu millibili leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til 1., 2., 3. og 4. mgr.

**18. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**E. YIANNOPOULOS**

forseti.

## VIÐAUKI

## Skrá sem er ekki tæmandi yfir áhrifavalda, vinnsluferli og störf

(Önnur undirgrein 2. mgr. 7. gr.)

## I. Áhrifavaldar

## 1. Eðlisfræðilegir áhrifavaldar

- a) Jónandi geislun.
- b) Vinna við háan loftþrýsting, t.d. í háþrýstiklefum eða við köfun.

## 2. Líffræðilegir áhrifavaldar

- a) Líffræðilegir áhrifavaldar sem falla undir 3. og 4. flokk í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifa á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(1)</sup>.

## 3. Efnifræðilegir áhrifavaldar

- a) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(2)</sup>, með áorðnum breytingum, og tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum <sup>(3)</sup> sem eitruð (T), mjög eitruð (Tx), ætandi (C) eða sprengifim (E).
- b) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem skaðleg (Xn) og sem hafa fengið eina eða fleiri af eftirfarandi hættusetningum:
  - hætta á varanlegu heilsutjóni (H39),
  - getur valdið varanlegu heilsutjóni (H40),
  - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
  - getur valdið ofnæmi í snertingu við húð (H43),
  - getur valdið krabbameini (H45),
  - getur valdið arfgengum skaða á erfðaefni (H46),
  - hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi áreitun (H48),
  - getur dregið úr frjósemi (H60),
  - getur framkallað fósturskemmdir (H61).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/679/EBE (OJ nr. L 268, 29. 10. 1993, bls. 71).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/18/EBE (Stjtið. EB nr. L 104, 29. 4. 1993, bls. 46).

- c) Efni og efnablöndur sem eru flokkuð samkvæmt tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE sem ertandi (Xi) og sem hafa fengið eina eða fleiri af eftirfarandi hættusetningum:
  - gífurlega eldfimt (H12),
  - getur valdið ofnæmi við innöndun (H42),
  - getur valdið ofnæmi í snertingu við húð (H43).
- d) Efni og efnablöndur sem um getur í c-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(1)</sup>.
- e) Blý og blýsambönd að svo miklu leyti sem mannlíkaminn getur tekið upp þessa áhrifavalda.
- f) Asbest.

## II. Vinnsluferli og störf

1. Vinnsluferli og störf sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/394/EBE.
2. Vinna við framleiðslu og meðhöndlun véla, skotelda eða annarra hluta sem innihalda sprengiefni.
3. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr.
4. Vinna við iðnaðarslátrun dýra.
5. Störf sem felast í meðhöndlun búnaðar til framleiðslu, geymslu eða notkun á þjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.
6. Vinna við tanka, keröld, geyma eða flöskur sem innihalda efnafræðilega áhrifavalda eins og um getur í lið 1.3.
7. Vinna sem felur í sér hættu á hruni.
8. Vinna sem felur í sér hættu á háspennurafstraumi.
9. Vinna sem er greidd sem ákvæðisvinna og þar sem vinnuhraði ákvarðast af vélbúnaði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/07****nr. 44/96  
frá 28. júní 1996****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/337/EB frá 25. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 92/446/EBE um spurningaeyðublöð sem snerta tilskipanir um vatnsmálefni<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í lið 13b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/446/EBE) í II. kafla XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **395 D 0337:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/337/EB frá 25. júlí 1995 (Stjttóð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/337/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttóð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttóð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttóð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 1.



## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. júlí 1995

um breytingu á ákvörðun 92/446/EBE frá 27. júlí 1992 um spurningaeyðublað sem snerta tilskipanir um vatnsmálefni(\*)

(Texti sem varðar EES)

(95/337/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál <sup>(2)</sup>, einkum l. mgr. 13. gr., og viðeigandi ákvæðum í öðrum tilskipunum sem um getur í I. viðauka tilskipunar 91/692/EBE,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE, einkum 9. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE, einkum 17. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði badvatns <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðildarríkjunum er skylt að semja skýrslu um framkvæmd tiltekinna tilskipana bandalagsins á grundvelli spurningalista eða eyðublaða sem framkvæmdastjórnin lætur gera. Samkvæmt 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE á framkvæmdastjórnin við gerð þessara

spurningalista eða eyðublaða að njóta aðstoðar nefndar sem í sitja fulltrúar aðildarríkjanna undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin hefur með ákvörðun 92/446/EBE <sup>(6)</sup> ákvarðað hvernig spurningaeyðublaðin skuli líta út og ber aðildarríkjunum að byggja á þeim við gerð skýrslna um framkvæmd tilskipana bandalagsins um vatnsmálefni.

Með tilliti til frekari samráðs við nefndina er ljóst að nauðsynlegt er að spurningaeyðublaðunum fylgi skýringar ásamt nákvæmum tölflum, sem samkomulag er um, til að varpa ljósi á þá upplýsingaskyldu sem hvílir á aðildarríkjunum og tryggja að upplýsingar sem þau láta framkvæmdastjórninni í té séu tæmandi, einsleitar og sambærilegar.

Því ber að breyta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/446/EBE án þess að það hafi áhrif á kröfur um skýrslugerð sem fyrir er getið.

Nefndin sem var sett á fót samkvæmt 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE hefur ekki látið í ljós álit sitt á þeim ráðstöfunum sem fram koma í þessari ákvörðun innan frestsins sem formaður nefndarinnar setti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 200, 24. 8. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 129, 18. 5. 1976, bls. 23.

(2) Stjttö. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

(3) Stjttö. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 26.

(4) Stjttö. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11.

(5) Stjttö. EB nr. L 31, 5. 2. 1976, bls. 1.

(6) Stjttö. EB nr. L 242, 27. 8. 1992, bls. 6.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

**1. gr.**

Í stað viðaukans við ákvörðun 92/446/EBE komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 25. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR EYÐUBLÖÐ

- I. Spurningaeyðublöð fyrir eftirfarandi tilskipanir:
- Tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu;
  - Tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkálí-klóríða <sup>(1)</sup>;
  - Tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum <sup>(2)</sup>;
  - Tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkálí-klóríða <sup>(3)</sup>;
  - Tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórskýklóhexani <sup>(4)</sup> og
  - Tilskipun ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE <sup>(5)</sup>,
- með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 91/692/EBE.
- II. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 78/659/EBE frá 18. júlí 1978 um gæði ósalts vatns sem þarf að verja eða bæta til að fiskur geti þrífist þar <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
- III. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá titandíoxíðiðnaði, eins og henni var breytt með tilskipun 83/29/EBE <sup>(7)</sup>, og síðast með tilskipun 91/692/EBE.
- IV. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 79/923/EBE frá 30. október 1979 um tilskilin gæði skeldýravatns <sup>(8)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
- V. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna <sup>(9)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
- VIA. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
- VIB. Spurningaeyðublað fyrir tilskipun ráðsins 79/869/EBE frá 9. október 1979 um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni sem nýtt er til drykkjar í aðildarríkjunum <sup>(10)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
c) Ef svarið er nei skal taka fram hvenær líklegt er að slík gildi verði ákveðin.
  3. a) Hafa verið sett sérstök ákvæði samkvæmt 17. gr. tilskipunarinnar varðandi upplýsingar um það hvort vatn sé drykkjarhæft fyrir ungbörn?  
b) Ef svarið er já skal vísa til þessara ákvæða og leggja fram afrit af þeim.
  4. Veita skal upplýsingar um það hvernig eftirliti með vatnsgæðum er háttað og gefa upp heiti ábyrgs yfirvalds.
- NB:* a) Þennan hluta þarf ekki að uppfæra fyrir en í síðari skýrslum.  
b) Aðeins þarf að lýsa í mjög stuttu máli hvernig eftirliti með vatni er háttað vegna 4. spurningar.

## 2. HLUTI

**Stutt greinargerð um vatnsveitur**

1. Hve margar vatnsveitur eru nú starfræktar í aðildarríkinu? (Aðeins þarf að tiltaka veitur sem þjóna fleiri en 5 000 íbúum; gera þarf grein fyrir því hvernig veiturnar eru skilgreindar.)
2. a) Hve margir fá vatn frá þessum veitum? (Ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það.)  
b) Hve mörg prósent af landsmönnum fá vatn frá þessum veitum? (Ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það.)
3. Hve miklu vatni veita þessar vatnsveitur ár hvert? (Ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það.)
4. Hve margar vatnsveitur veita aðallega eða eingöngu vatni til fyrirtækja í matvælavinnslu? (Þarf ekki að svara.)
5. Hverjar eru helstu vatnslindirnar og hvert er vægi hverrar tegundar í ársnotkun aðildarríkisins?  
a) yfirborðsvatn  
b) grunnvatn  
c) annað  
} (Ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það.)
6. Veita skal upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. um iðngreinar þar sem vatnsgæði skipta ekki máli fyrir hollustu fullunninnar vöru.

*NB:* Upplýsingar í 1. og 2. hluta þarf aðeins senda einu sinni á öllu skýrslutímabilinu.

## 3. HLUTI

## Samantekt um gæði

1. Vegna hvernar færifreytu í I. viðauka við tilskipunina, sem er mæld í samræmi við 4. mgr. 12. gr., skal veita upplýsingar um eftirfarandi<sup>(1)</sup>:
  - a) heildarfjöldi mælinga sem hafa verið gerðar í tengslum við beitingu tilskipunarinnar;
  - b) fjölda mælinga sem samrýmast eftirfarandi flokkun, þar sem tilskipunin mælir fyrir um leyfilegan hámarksstyrk<sup>(2)</sup>:

Flokkur	Lýsing
A	Gildi undir eða jöfn leyfilegum hámarksstyrk
B	Gildi yfir leyfilegum hámarksstyrk

## 4. HLUTI

**Árleg samantekt á upplýsingum um undanþágur í samræmi við 9. og 10. gr. vegna vatnsbirgða og upplýsingum um vatnsbirgðir sem eru ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, tekið saman á ársgrundvelli**

1. Vegna hvernar vatnsveitu<sup>(1)</sup> sem fer yfir leyfilegan hámarksstyrk<sup>(2)</sup> skal veita upplýsingar um eftirfarandi:
  - a) heiti og landfræðilega staðsetningu veitunnar;
  - b) íbúafjöldi sem veitan þjónar (ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það);
  - c) vatnsmagn sem veitt er (ef það er ekki vitað fyrir víst skal áætla það);
  - d) ef veitt var undanþága: viðkomandi færifreytur og frávik frá gildum;
  - e) hvort undanþágurnar tengjast a-lið 1. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr. eða 2. mgr. 10. gr.;
  - f) gildistíma undanþágna, upphafs- og lokadagur;
  - g) gefa skal stutta greinargerð með rökstuðningi fyrir undanþágum;
  - h) ef ekki er um undanþágu að ræða: viðkomandi færifreytur, þ.m.t. fjölda mælinga, fjölda mælinga þar sem farið er fram úr leyfilegum hámarksstyrk. Upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hægt sé meta áhrif þess ef farið er fram úr leyfilegum hámarksstyrk, t.d. meðaltalsog hámarksyfirkrið yfir leyfilegan styrk og hve lengi ástandið varir;
  - i) fyrir hverja færifreytu sem uppfyllti ekki leyfilegan hámarksstyrk: ástæða þess;
  - j) ráðstafanir sem voru gerðar til að vernda heilsu almennings ef farið var langt yfir mörkin (þarf ekki að svara);
  - k) hvort til er úrbótaáætlun sem tryggir að kröfum verði fullnægt framvegis;
    - ef svarið er já skal lýsa áætluninni stuttlega, skýra frá ráðstöfunum, tímasetningum, nauðsynlegum fjárfestingum o.s.frv.,
    - ef svarið er nei þarf að skýra frá því stuttlega hvers vegna slík áætlun er ekki til eða ónauðsynleg.

**NB:** Aðeins þarf að gefa stutt lýsandi svar að því er varðar k-lið 1. spurningar.

<sup>(1)</sup> Aðeins þarf að tiltaka veitur sem þjóna fleiri en 5 000 íbúum.

<sup>(2)</sup> Eins skal farið með þann lágmarksstyrk sem krafist er.

### VIII. SPURNINGAEYÐUBLAÐ TIL AÐ GEFA SKÝRSLU UM TILSKIPUN 76/160/EBE

Eftirfarandi upplýsingar skal veita í stafrænu formi og í samræmi við sniðið hér að neðan.

#### GAGNASKRÁRLÝSINGAR

##### 1. Skrá yfir landfræðilega staðsetningu staða (skrá með landfræðilegum tilvísunum)

Eigind	Lengd reits	Inntak
Numind	18 STAFIR	aðgangsslykill
Region	30 STAFIR	heiti héraðs
Province	20 STAFIR	heiti stjórnsýsluumdæmis
Commune	35 STAFIR	heiti sveitarfélags
Prelev	45 STAFIR	heiti baðstaðar
Lat	8 STAFIR	breiddargráða snið: XMGGMMSS X = N (norður) S (suður) M = autt bil GG = gráður MM = mínútur SS = sekúndur
Long	8 STAFIR	lengdargráða snið: YMGGMMSS Y = W (vestur) E (austur) M = autt bil GG = gráður MM = mínútur SS = sekúndur
Codeau	1 TALA	tegund vatnssýnis tákn: 1 = sjór 2 = vatnsfall 3 = stöðuvatn 4 = ármynni
Rem	80 STAFIR	Hugsanlegar athugasemdir

##### 2. Almenn gagnaskrá (skrá með almennum upplýsingum um einstaka baðstaði)

Eigind	Lengd reits	Inntak
Numind	18 STAFIR	aðgangsslykill
Annee	4 TÖLUR	ár
Debdat	8 TÖLUR	upphaf baðtíðar snið: ÁÁÁÁMMDD
Findat	8 TÖLUR	lok baðtíðar snið: ÁÁÁÁMMDD
Nobexe	2 TÖLUR	fjöldi sýna
Banned	1 STAFUR	böð bönnuð sem stendur tákn: B = bann við böðum autt bil = ekkert bann (valfrjálst)
Rem	80 STAFIR	Hugsanlegar athugasemdir

## 3. Skrá yfir færíbreytur (skrá með færíbreytum um gæði baðvatns)

Eigind	Lengd reits	Inntak
Numind	18 STAFIR	aðgangsslykill
Annee	4 TÖLUR	ár
Parno	3 TÖLUR	númer færíbreytu snið: PPU tákn: PP = tákn færíbreytu U = tákn undirfæríbreytu
Parnob	2 TÖLUR	fjöldi greininga á þessari færíbreytu
Parnodi	2 TÖLUR	fjöldi niðurstaðna þar sem farið er yfir lögboðin viðmiðunarmörk
Parnodvin	2 TÖLUR	fjöldi niðurstaðna þar sem farið er yfir innlend viðmiðunarmörk
Parnodg	2 TÖLUR	fjöldi niðurstaðna þar sem farið er yfir leiðbeiningarmörk
Frequence	1 STAFUR	tíðni mælinga tákn: Y = minnst hálfsmánaðarlega X = ekki minnst hálfsmánaðarlega
Rem	80 STAFIR	Hugsanlegar athugasemdir

## Lýsing á aðgangsslyklinum

Fullkominn aðgangsslykill á að vera einstakur (þ.e. koma aðeins einu sinni fyrir í allri skránni) og það á að halda sig við hann næstu árin; þegar ný stöð bætist við á hún að fá nýtt tákn (kóða) sem aldrei hefur verið notað áður. Ef einungis heiti baðstaðar er breytt þá skal aðgangsslykill og staðsetning vera áfram óbreytt.

Lengd reits	Inntak
1 STAFUR	NUTS þrep 0 kóði (land) <sup>(2)</sup>
1 STAFUR	NUTS þrep 1 kóði (hérað) <sup>(2)</sup>
1 STAFUR	NUTS þrep 2 kóði (stjórnsýsluumdæmi) <sup>(2)</sup>
1 STAFUR	NUTS þrep 3 kóði (amt) <sup>(2)</sup>
2 STAFIR	LOC þrep 1 kóði (sveitarfélag) <sup>(3)</sup>
3 STAFIR	LOC þrep 2 kóði (sveitarfélag) <sup>(3)</sup>
9 STAFIR	Baðvatnskóði <sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Þennan reit skal fylla út með baðvatnskóða samkvæmt því sem aðildarríkið hefur ákveðið innanlands, ef hann er þá til og einstakur. Ella er lagt til að baðvatn sé númerað um sinn eftir einingunni NUTS þrep 3.

<sup>(2)</sup> Gögn um flokkun hagskýrsluvæða (Territorial Units for Statistics - NUTS) samþykkt af Hagstofu Evrópubandalagsins má sjá í töflu 1.

<sup>(3)</sup> Gögn um flokkun sveitarfélaga (Localities - LOC) samþykkt af Hagstofu Evrópubandalagsins má sjá í töflu 2.

Aðildarríkin fá fullkomnar skrár yfir tákn og kóða og heiti héraða og sveitarfélaga á sérstökum 3,5" disklingi.

**4. Aukaskrá: „read me“ (valfrjálst snið)**

- Gefa skal upp hvaða greiningaraðferð(um) er beitt til að meta hvort kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt.
- Stutt lýsing á úrbótaáætlunum fyrir baðstaði sem fullnægja ekki tilskildum viðmiðunarmörkum tilskipunarinnar með upplýsingum um það hvenær þeim verður hrundið í framkvæmd og nauðsynlegar fjárfestingar.

*NB:* Aðeins ber að láta í té yfirlit um greiningaraðferðir.

## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/51/08

nr. 45/96  
frá 19. júlí 1996

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 í því skyni að gera EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í þróun endurnýjanlegra orkulinda í bandalaginu.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við bókun 31 við samninginn:

„14. gr.

Orkuáætlun og umhverfistengd starfsemi á sviði orkumála:

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1996 taka þátt í áætlun bandalagsins sem um getur í 4. mgr. og aðgerðum henni tengdum.

2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði við áætlunina sem um getur í 4. gr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins, jafnt og aðgerðum henni tengdum.

3. EFTA-ríkin skulu, allt frá upphafi samstarfs í áætluninni, og tengdum aðgerðum, sem um getur í 4. mgr., taka þátt fullan þátt í ESB-nefndum og starfshópum sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun slíkrar áætlunar og aðgerða.

4. Eftirfarandi bandalagsgerð og afleiddar gerðir hennar eru viðfang þessarar greinar:

„- **393 D 0500:** Ákvörðun ráðsins 93/500/EBE frá 13. september 1993 um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (Altener-áætlun)(Stjttíð. EB nr. L 235, 18. 9. 1993, bls. 41)“.”.

## 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 205, 31. 8. 1995, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 32, 31. 8. 1995, bls. 17.



## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/51/09

nr. 46/96  
frá 19. júlí 1996

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/96 frá 1. mars 1996<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 4. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/85) í XIV. viðauka við samninginn:

„4a. **395 R 1475:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 145, 29. 6. 1995, bls. 25).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í d-lið 2. undirgreinar 1. mgr. 5. gr. lesist hugtakið „aðildarríki“ sem „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

b) Í upphafsmálgrein 8. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

c) Eftirfarandi málgrein bætist við í lok 8. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bæri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.““.

## 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. október 1995. Einstökum EFTA-ríkjum er heimilt að kveða á um bráðabirgðarástafanir fyrir tímabilið frá 1. júlí 1995 og þar til ákvörðunin öðlast samþykki, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt af stjórnsýslulegum ástæðum.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 22, 23. 5. 1996, bls. 54.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 145, 29. 6. 1995, bls. 25.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1475/95****frá 28. júní 1995****um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 85. gr. sáttmálans með reglugerð gagnvart tilteknum flokkum tvíhliða samninga, sem falla undir 1. mgr. 85. gr., þar sem annar samningsaðili skuldbindur sig til að láta einungis hinum í té tiltekna vörur til endursölu á umsömdu svæði innan hins sameiginlega markaðar. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af mörgum samningum um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja er unnt að skilgreina flokk samninga sem að öðru jöfnu teljast uppfylla skilyrði 3. mgr. 85. gr. Til þessa flokks teljast samningar, tímabundnir eða ótímabundnir, þar sem birgir felur endurseljanda að annast sölu og viðhaldsþjónustu á tilteknum vörum ökutækjaiðnaðarins á tilteknu svæði, og þar sem birgirinn skuldbindur sig til að selja einungis dreifiaðilanum, eða takmörkuðum fjölda fyrirtækja í dreifikerfinu auk hans, samningsvörurnar til endursölu á samningssvæðinu.

Skilgreiningar á hugtökum sem varða þessa reglugerð koma fram í 10. gr.

- 2) Þrátt fyrir að skuldbindingar 1., 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar miði almennt að því að útiloka, hefta eða raska samkeppni á hinum sameiginlega markaði, og geti að jafnaði haft áhrif á vöruviðskipti milli aðildarríkja, er engu að síður

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 145, 29. 6. 1995, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/96 frá 19. júlí 1996 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.

(2) Stjttíð. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 16.

unnt að lýsa því yfir að bannið sem felst í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans taki í krafti 3. mgr. 85. gr. ekki til þessara samninga, enda sé vissum skilyrðum fullnægt.

- 3) Ákvæði 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gilda um samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja og helgast það einkum af því að takmarkanir á samkeppni og skuldbindingar, sem hafa verið samþykktar í tengslum við dreifikerfi framleiðanda, og fjallað er um 1. til 4. gr. þessarar reglugerðar, gegna yfirleitt sama eða svipuðu hlutverki alls staðar á hinum sameiginlega markaði. Framleiðendur ökutækja nota röð af samningum sem setja svipaðar takmarkanir á samkeppni á öllum sameiginlega markaðinum, eða umtalsverðum hluta hans, og hafa með því móti ekki einungis áhrif á sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja innan hvers aðildarríkis heldur og á vöruviðskipti á milli þeirra.
- 4) Ákvæði um einkasölu eða takmarkaða sölu geta talist óhjákvæmileg og skynsamleg ráðstöfun innan ökutækjaiðnaðarins vegna þess að ökutækji eru neysluvörur sem endast allengi og krefjast viðhalds- og sérhæfðrar viðgerðarþjónustu með jöfnu millibili eða stöku sinnum og ekki alltaf á sama stað. Framleiðendur ökutækja hafa samstarf við útvalda dreifiaðila sína og viðgerðarverkstæði til að geta boðið upp á sérhæfða þjónustu fyrir vöruna. Þó ekki sé nema vegna takmarkaðs bolmagns og hagræðingar er útilokað að viðhafa slíka samvinnu við ótakmarkaðan fjölda dreifiaðila og viðgerðarverkstæða. Það felur í sér vissa hagræðingu að láta þjónustu fylgja sölu frekar en koma á sérstöku kerfi fyrir sölu nýrra ökutækja annars vegar og viðhalds- og varahlutaþjónustu hins vegar, ekki síst vegna þess að sölufyrirtæki er skylt að skoða tæknibúnað nýs ökutækis samkvæmt fyrirmælum framleiðanda áður en það er afhent kaupanda.
- 5) Ekki er þó alltaf nauðsynlegt að nota viðurkennda dreifikerfið til að hagkvæmni náist í sölu. Því er óheimilt að banna sölu samningsvara til endurseljenda þegar þeir:
  - tilheyra sama dreifikerfinu (sbr. a-lið 10. tölul. 3. gr.), eða
  - kaupa varahluti til eigin nota við viðgerðar- eða viðhaldsþjónustu (sbr. b-lið 10. tölul. 3. gr.).

- Ráðstafanir, sem framleiðandi eða fyrirtæki í dreifikerfinu gera með það að markmiði að halda í kerfi sem byggir á vali, eru í samræmi við undanþáguna sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Þetta á einkum við þá skuldbindingu dreifiaðila að selja ekki ökutæki til neytenda í gegnum millilið nema neytandi hafi veitt milliliðnum fullt umboð til þess (sbr. 11. tölul. 3. gr.).
- 6) Það ætti að vera mögulegt að koma í veg fyrir að heildsalar, sem eiga ekki aðild að dreifikerfinu, fái varahluti til endursölu frá ökutækjaframleiðendum. Gera má ráð fyrir að ógerlegt væri að viðhafa þjónustukerfi sem þjónar hagsmunum neytenda svo vel sem raun ber vitni, þar sem unnt er að útvega fljótt alla varahluti sem samningurinn nær til, einnig þá sem lítil hreyfing er á, án þess að hafa viðurkennt dreifikerfi.
  - 7) Heimilt er að víkja frá banni við viðskiptum með samkeppnisvörur með því skilyrði að það hindri ekki dreifiaðilann í því að selja aðrar tegundir ökutækja, þó þannig að ekki verði villst á tegundum (3. tölul. 3. gr.). Sú skuldbinding að selja ekki vörur annarra framleiðenda nema á sérstökum sölustöðum með eigin stjórn og almennt að forðast rugling á tegundum tryggir að á hverjum sölustað sé seld ein tegund eingöngu. Dreifiaðili skal framfylgja þessari skuldbindingu í góðri trú þannig að kynning, sala og viðhaldsþjónusta verði á engan hátt til að rugla neytanda í ríminu eða leiði til óréttmætra viðskiptahátta af hálfu dreifiaðila gagnvart birgjum samkeppnistegunda. Til að viðhalda samkeppnishæfni samkeppnisvara skulu sérstakir lögaðilar sjá um rekstur mismunandi sölustaða. Slík skuldbinding er dreifiaðila hvatning til að bæta sölu og viðhaldsþjónustu samningsvara og auka þannig samkeppni í sölu þessara vara og samkeppnisvara. Þessi ákvæði koma ekki í veg fyrir að dreifiaðili geti á sama verkstæði boðið og veitt viðhalds- og viðgerðarþjónustu fyrir aðrar bílategundir sem keppt er við, að því tilskildu að dreifiaðilinn sjái til þess að þriðju aðilar hagnist ekki óeðlilega á fjárfestingum birgisins (sbr. 4. tölul. 3. gr.)
  - 8) Ekki er þó hægt að líta svo á að bann við viðskiptum með samkeppnisvörur sé undir öllum kringumstæðum óhjákvæmilegt þegar reynt er að auka hagkvæmni í dreifingu. Nauðsynlegt er að dreifiaðilum verði frjálst að útvega sér, nota eða selja frá þriðja aðila varahluti sem eru sambærilegir að gæðum og þeir sem framleiðandinn býður. Í þessu tilliti má gera ráð fyrir að allir varahlutir úr sömu framleiðslu hafi sömu eiginleika og uppruna. Framleiðendur varahluta er bjóða dreifiaðilum varahluti skulu staðfesta, ef nauðsyn krefur, að hlutirnir samsvari þeim sem framleiðandi ökutækis býður. Einnig er nauðsynlegt að dreifiaðilar eigi áfram kost á að kaupa varahluti, sem eru jafngóðir eða betri en gæðakröfur segja til um, fyrir ökutæki sem samningurinn nær til. Með slíkri takmörkun á banni við viðskiptum með samkeppnisvörur er bæði tekið tillit til nauðsynlegs öryggis ökutækja og til krafna um virka samkeppni (sbr. 5. tölul. 3. gr. og 6. og 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.).
  - 9) Þær skorður sem settar eru við starfsemi dreifiaðila utan umsamda svæðisins stuðla að markvissari sölu og viðhaldsþjónustu á hæfilega stóru samningssvæði, að aukinni þekkingu á markaðinum vegna nánara sambands við viðskiptavinina og að framboði á vörum sem samsvara betur eftirspurninni á hverju svæði (sbr. 8. og 9. tölul. 3. gr.). Eftirspurnin eftir samningsvörum hlýtur þó áfram að vera sveigjanleg og ætti ekki að takmarkast við tiltekið svæði. Dreifiaðilum skal ekki einungis vera heimilt að svara eftirspurn eftir samningsvörum innan samningssvæða sinna, heldur einnig að svara eftirspurn frá einstaklingum og fyrirtækjum annars staðar á hinum sameiginlega markaði. Ekki skal koma í veg fyrir að dreifiaðilar beini auglýsingum að neytendum utan samningssvæðis, þar eð þær brjóta ekki í bága við skuldbindingar um sölukynningu innan samningssvæðisins. Bein samskipti við neytendur, hvort sem er um síma eða með öðrum fjarskiptum, dyrasölu eða persónulegum bréfum, teljast ekki til viðurkenndra aðferða við auglýsingar.
  - 10) Til að auka réttaröryggi fyrirtækja ætti að kveða á um að tilteknar skuldbindingar, sem eru lagðar á dreifiaðila, komi ekki í veg fyrir að undanþága sé veitt að því er varðar uppfyllingu lágmarkskrafna með tilliti til dreifingar og viðhaldsþjónustu (sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr.), reglulegra pantana (sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.), árangurs við sölu á tilteknu lágmarksmagni eða tilteknar birgðastöðu, sem aðilar hafa komið sér saman um, eða óháður sérfræðingur hefur ákvarðað hafi komið til ágreinings (sbr. 3. til 5. tölul. 1. mgr. 4. gr.), og fyrirkomulags viðhaldsþjónustu (sbr. 6. til 9. tölul. 1. mgr. 4. gr.). Þessar skuldbindingar eru nátengdar skuldbindingunum í 1., 2. og 3. gr. og hafa áhrif á takmarkanir þeirra. Því má víkja frá þessum skuldbindingum, þótt þær í einstökum tilvikum gætu fallið undir ákvæði 1. mgr. 85. gr. sáttmálans (sbr. 2. mgr. 4. gr.).
  - 11) Samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE ber að greina frá því hvaða skilyrðum skuli fullnægt eigi yfirlýsing þessarar reglugerðar um að ákvæðin gildi ekki að koma til framkvæmda.
  - 12) Samkvæmt a- og b-lið 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. er það skilyrði fyrir undanþágu að fyrirtæki sinni ábyrgðar- og viðhaldsþjónustu neytanda að kostnaðarlausu og annist endurbætur vegna framleiðslugalla og veiti viðgerðar- og viðhaldsþjónustu sem er nauðsynleg til að ökutækið gangi rétt og örugglega, án tillits til þess hvar ökutækið var keypt á hinum sameiginlegum markaði. Ákvæðum þessum er ætlað að tryggja að neytanda sé frjálst að kaupa hvar sem er á hinum sameiginlega markaði.
  - 13) Með a-lið 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er stefnt að því að veita framleiðanda færi á að koma upp samræmdu dreifikerfi án þess að veikja traustið sem ríkir milli dreifiaðila og endurseljenda. Áskilji birgir sér rétt til að samþykka val dreifiaðila á endurseljendum er honum því óheimilt að neita um slíkt samþykki án gildra ástæðna.

- 14) Samkvæmt b-lið 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er birgi óheimilt að gera kröfur, sem leiða til mismununar eða misréttis, á hendur dreifiaðila í dreifikerfinu á grundvelli 1. mgr. 4. gr.
- 15) Ákvæðum c-liðar 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er ætlað að sporna gegn því að dreifiaðili kaupi einungis frá birginum vegna uppsafnaðs afsláttar sem sá síðarnefndi býður. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja að varahlutasalar, sem bjóða ekki eins mikið úrval vara og framleiðandinn, eigi kost á að keppa við hann á jafnréttisgrundvelli.
- 16) Í d-lið 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er það gert að skilyrði fyrir undanþágu að dreifiaðilanum verði gert kleift að kaupa handa viðskiptavinum innan hins sameiginlega markaðar fjöldaframleidd ökutæki, búin þeim tæknibúnaði sem kröfur eru gerðar til á búsetustað þeirra eða þar sem til stendur að skrásetja ökutækið, að því tilskildu að samsvarandi gerð ökutækisins sé einnig fánleg frá þessum framleiðanda í gegnum fyrirtæki í dreifikerfinu á þeim stað (sbr. 10. tölul. 10. gr.). Ákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir þá hættu að framleiðandi og fyrirtæki í dreifikerfinu notfæri sér mismunandi framleiðsluskilyrði á ólíkum svæðum innan sameiginlega markaðarins til að skipta honum upp.
- 17) Í 2. mgr. 5. gr. eru sett frekari lágmarksskilyrði fyrir undanþágu með það í huga að koma í veg fyrir að dreifiaðilinn verði fjárhagslega of háður birginum, vegna skuldbindinga sinna, og gefist upp í samkeppni þeirri sem hann á í sjálfu sér rétt á en stríðir gegn hagsmunum framleiðandans eða annarra fyrirtækja í dreifikerfinu.
- 18) Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. getur dreifiaðili, enda færri hann skýr rök fyrir máli sínu, andmælt óhóflegum skuldbindingum sem leiðir af 3. tölul. 3. gr.
- 19) Í 2. og 3. tölul. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um lágmarkskröfur vegna undanþágu varðandi gildistíma og uppsögn söluog viðhaldsþjónustusamnings, þar eð áhrif fjárfestinga sem dreifiaðili leggur út í til að bæta sölu- eða viðhaldsþjónustu fyrir samningsvörurnar gera dreifiaðilann mun háðari birginum, hvort sem um er að ræða samning til skamms tíma eða samning sem er uppsegjanlegur með skömnum fyrirvara. Til að komast hjá því að tefja fyrir þróun sveigjanlegs og skilvirks dreifikerfis er birgi þó heimilt að segja samningnum upp ef nauðsynlegt er að endurskipuleggja allt eða umtalsverðan hluta dreifikerfisins. Setja skal ákvæði, til skjótrar úrlausnar deilumála, um vísan til óvilhalls sérfræðings eða gerðardómara sem úrskurðar í deilumálum, með fyrirvara um rétt aðila til að fara með málið fyrir þar til bærán dómstól í samræmi við viðeigandi ákvæði í landslögum.
- 20) Samkvæmt reglugerð 19/65/EBE skal tilgreina takmarkanir eða ákvæði sem mega ekki vera í samningunum, eigi yfirlýsingin í þessari reglugerð um að ákvæði 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildi ekki að koma til framkvæmda (1. til 5. tölul. 1. mgr. 6. gr.). Enn fremur skal skilgreina þær starfsvenjur samningsaðila er leiða sjálfkrafa til niðurfellingar á undanþágu ef þær eru viðhafðar kerfisbundið og endurtekið (sbr. 6. til 12. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 21) Nauðsynlegt er að útiloka frá heildarundanþágu samninga þar sem einn ökutækjaframleiðandi felur öðrum að sjá um sölu vara sinna vegna þess hve víðtæk áhrif þeir hafa á samkeppni (sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 22) Til að tryggja að samningsaðilar haldi sig innan ramma reglugerðarinnar skulu samningar, sem ganga lengra varðandi vörur eða þjónustu sem um getur í 1. gr., eða takmarka samkeppni er fellur ekki undir þessa reglugerð, einnig útilokaðir frá undanþágunni (sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 23) Undanþágan gildir heldur ekki þegar samningsaðilar koma sér saman um skuldbindingar varðandi vörur, sem falla undir þessa reglugerð en væru leyfilegar með hliðsjón af öllum þeim skuldbindingum sem eru undanþegnar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 <sup>(1)</sup> eða (EBE) nr. 1984/83 <sup>(2)</sup>, eins og þeim var síðast breytt með aðildarlögum um Austurríki, Finnland og Svíþjóð, að því varðar beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu eða einkakaup, en eru víðtækari en þær skuldbindingar sem eru undanþegnar með þessari reglugerð (sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 24) Í því skyni að vernda fjárfestingar dreifiaðila og koma í veg fyrir að birgjar sniðgangi reglur um uppsögn samninga, er rétt að staðfesta að undanþágan gildir ekki, ef birgir áskilur sér rétt til að breyta einhliða á samningstímanum skilmálum einkasölusamnings sem hefur verið gerður við dreifiaðilann fyrir ákveðið svæði (sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 25) Í því skyni að viðhalda virkri samkeppni í dreifingu er nauðsynlegt að kveða á um að framleiðandi eða birgir falli ekki lengur undir undanþáguna ef hann skerðir frelsi dreifiaðila til að ákveða endursöluverð (sbr. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 26) Meginreglur innri markaðarins kveða á um að neytendum skuli gert kleift að kaupa ökutæki þar sem verð eða skilmálar eru hagkvæmastir í bandalaginu og jafnvel endurselja þau, að því tilskildu að endursalan fari ekki fram í ábataskyni. Framleiðendur og birgjar, sem koma í veg fyrir samhliða innflutning eða útflutning með því að grípa til ráðstafana gegn neytendum, viðurkenndum milliliðum eða fyrirtækjum innan dreifikerfisins, skulu því ekki hafa ávinning af þessari reglugerð (sbr. 7. og 8. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 27) Til að tryggja virka samkeppni á viðhalds- og viðgerðarmarkaðinum með hagsmuni neytenda að leiðarljósi, skulu framleiðendur eða birgjar ekki heldur njóta undanþágu ef þeir koma í veg fyrir frjálstan markaðsaðgang framleiðenda og söluaðila varahluta eða takmarka frelsi endurseljenda eða viðgerðaraðila, hvort sem þeir eru innan dreifikerfisins eða

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 173, 30. 6. 1983, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 173, 30. 6. 1983, bls. 5.

- ekki, til að kaupa og nota varahlutina ef þeir eru jafngóðir og upprunalegu varahlutirnir. Dreifiaðili hefur rétt til að kaupa jafngóða varahluti frá öðrum fyrirtækjum að eigin vali og fyrirtækin samsvarandi rétt til að útvega endurseljendum að eigin vali varahluti, svo og heimild til að nota vörumerki eða kennimerki í viðskiptum, með fyrirvara um að farið sé að hugverkarétti á sviði iðnaðar sem gildir um þessa varahluti (sbr. 9. til 11. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 28) Til að neytendur hafi raunverulega möguleika á að velja milli viðgerðaraðila innan kerfisins og óháðra viðgerðaraðila er rétt að skuldbinda framleiðendur til að veita viðgerðaraðilum utan dreifikerfisins nauðsynlegar tæknilegar upplýsingar með tilliti til viðgerða og viðhalds á ökutækjategundum þeirra, jafnframt því sem tekið skal tillit til þess að framleiðandi hefur lögmætan rétt til að ákveða sjálfur nýtingu eigin hugverkaréttar svo og nýtingu á þekktri, mikilvægri og leynilegri verkþekkingu sinni þegar þriðju aðilum er veitt leyfi. Þó er einungis heimilt að neyta þessara réttinda að þau leiði ekki til mismununar eða misnotkunar (sbr. 12. tölul. 1. mgr. 6. gr.).
- 29) Til glöggvunar ber að skilgreina þau réttaráhrif sem koma fram vegna þess að undanþága kemur ekki til greina við ýmsar þær aðstæður sem um getur í reglugerðinni (sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr.).
- 30) Einungis er unnt að undanþiggja samninga um sölu og viðhaldsþjónustu á grundvelli þeirra skilyrða sem sett eru í 5. og 6. gr. ef skuldbindingarnar sem falla undir 1. til 4. gr. leiða til bættrar dreifingar og þjónustu neytendum í hag, og ef virk samkeppni er áfram fyrir hendi, ekki eingöngu milli dreifikerfa ýmissa framleiðenda á hinum sameiginlega markaði heldur einnig innan hvers kerfis að einhverju leyti. Að því er varðar vöruflokka sem fjallað er um í 1. gr. má líta svo á að skilyrði fyrir virkri samkeppni séu fyrir hendi sem stendur, þar á meðal samkeppni í milliríkjavíðskiptum, og að neytendur í Evrópu fái almennt sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af slíkri samkeppni hlýst.
- 31) Þar eð ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 123/85 frá 12. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, gilda til 30. júní 1995 skal koma á bráðabirgðafyrirkomulagi vegna samninga sem verða enn í gildi á þeim tíma og fullnægja undanþáguskilyrðum þeirrar reglugerðar (sbr. 7. gr.). Útskýra skal heimild framkvæmdastjórnarinnar til að fella niður undanþágu eða breyta gildissviði hennar í vissum tilvikum og taka nokkra mikilvæga málaflokka sem dæmi (sbr. 8. gr.). Nýti framkvæmdastjórnin heimild sína til niðurfellingar, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., skal hún taka tillit til verðmismununar sem ekki stafar fyrst og fremst af innlendum ráðstöfunum í skattamálum eða gengissveiflum milli aðildarríkjanna (sbr. 8. gr.).
- 32) Í samræmi við reglugerð nr. 19/65/EBE skal undanþágan gilda í takmarkaðan tíma. Sjö ár eru hæfilegur tími þegar taka skal tillit til sérstakra eiginleika ökutækjageirans og fyrirsjáanlegra breytinga á samkeppni á því sviði. Þó mun framkvæmdastjórnin meta með reglulegu millibili hvernig reglugerðinni hefur verið beitt og gera um það skýrslu fyrir 31. desember 2000 (sbr. 11. og 13. gr.).
- 33) Ekki er nauðsynlegt að tilkynna um samninga sem fullnægja skilyrðum þessarar reglugerðar. Leiki hins vegar vafi á því er fyrirtækjum frjálst að tilkynna um samninga sína til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglugerð ráðsins nr. 17<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.
- 34) Þar eð flokkaundanþága vegna ökutækja byggir á sérstökum eiginleikum þessa geira er vart hægt að gera ráð fyrir reglugerðum sem hafa að geyma almennar flokkaundanþágur vegna dreifingar. Staðfesta ætti þessa útilokun að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88 frá 30. nóvember 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum umboðssamninga<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, án þess að það hafi áhrif á rétt fyrirtækja til að sækja um einstaka undanþágu samkvæmt reglugerð nr. 17. Hins vegar eiga þau kost á að velja á milli reglugerðar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 sem fela í sér ákvæði um þrengri ramma fyrir undanþágur til handa fyrirtækjum. Þetta hefur engin áhrif á beitingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85<sup>(4)</sup> og (EBE) nr. 418/85<sup>(5)</sup>, eins og þeim var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, að því er varðar beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum sérhæfingarsamninga og flokkum samninga um rannsóknir og þróun, eftir því sem við á, enda snúast þær ekki fyrst og fremst um sölu (sbr. 12. gr.).
- 35) Reglugerð þessi er með fyrirvara um beitingu 86. gr. sáttmálans.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Með skírskotun til 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, og með fyrirvara um skilyrði þessarar reglugerðar, er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildir ekki um samninga milli einungis tveggja fyrirtækja er semja um það að annað útvegi á tilteknu svæði innan bandalagsins:

- einungis hinu fyrirtækinu, eða
- einungis hinu fyrirtækinu og tilteknum fjölda annarra fyrirtækja í dreifikerfinu,

til endursölu tiltekin ökutæki, sem ætluð eru til nota á vegum og hafa þrjú eða fleiri hjól, ásamt varahlutum í þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 359, 28. 12. 1988, bls. 46.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 5.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 15, 18. 1. 1985, bls. 16.

**2. gr.**

Undanþágan gildir einnig þegar ásamt skuldbindingunni sem um getur í 1. gr. er lögð sú kvöð á birginn að hann selji ekki samningsvörurnar beint til neytenda á samningssvæðinu né annist þar þjónustu við þá.

**3. gr.**

Undanþágan gildir einnig þegar ásamt skuldbindingunni sem um getur í 1. gr. er lögð sú kvöð á dreifiaðilann að hann:

1. breyti ekki samningsvörum eða samsvarandi vörum án samþykkis birgis nema samið hafi verið við endanlegan kaupanda um breytingarnar á sérstöku ökutæki af þeirri tegund sem samningurinn nær til og hann hefur keypt;
2. framleiði ekki vörur sem keppa við samningsvörurnar;
3. selji ný ökutæki frá öðrum en framleiðendum einungis á sérstökum sölustað með aðskilinn rekstur og í nafni sérstaks lögaðila og þannig að ekki verði villst á tegundum;
4. leyfi ekki þriðja aðila, þegar um er að ræða viðhaldsþjónustu á sameiginlegu verkstaði, að hagnast óeðlilega á fjárfestingum birgis, einkum í búnaði eða þjálfun starfsfólks;
5. selji hvorki varahluti, sem keppa við samningsvörur en eru lakari að gæðum, né noti þá til viðgerðar eða viðhalds á samningsvörum eða samsvarandi vörum;
6. semji ekki um sölu eða viðhaldsþjónustu á samningsvörum eða samsvarandi vörum við fyrirtæki sem starfa á samningssvæðinu né breyti eða segi upp slíkum samningum án samþykkis birgisins;
7. leggi á fyrirtæki, sem samið hafa við hann í samræmi við 6. tölul., skuldbindingar er samsvara þeim sem hann hefur tekið á sig gagnvart birginum og falla undir 1. til 4. gr. og eru í samræmi við 5. og 6. gr.;
8. utan samningssvæðisins:
  - a) reki hvorki útibú né dreifingarstöð fyrir samningsvörurnar eða samsvarandi vörur,
  - b) sækist ekki eftir viðskiptum með samningsvörur eða samsvarandi vörur með persónulegum auglýsingum;
9. feli ekki þriðja aðila sölu eða viðhaldsþjónustu á samningsvörum eða samsvarandi vörum utan samningssvæðisins;
10. láti endurseljanda einungis í té:
  - a) samningsvörur eða samsvarandi vörur ef endurseljandi er fyrirtæki í dreifikerfinu, eða

- b) varahluti í ökutæki af þeirri tegund sem samningurinn nær til þegar endurseljandi notar þá í viðgerðir eða viðhald á ökutæki;

11. selji einungis ökutæki af þeirri tegund sem samningurinn nær til eða samsvarandi ökutæki til neytenda í gegnum millilið að milliliðurinn hafi áður fengið skriflegt umboð viðskiptavinar til að kaupa tiltekið ökutæki, og sé honum falið að sækja það, einnig umboð til að taka við ökutækinu fyrir hans hönd.

**4. gr.**

1. Það kemur ekki í veg fyrir að undanþága fáiast að dreifiaðilinn sé skuldbundinn til að:
  - 1) fara að lágmarkskröfum um dreifingu, sölu og viðhaldsþjónustu, einkum að því er varðar:
    - a) tæknibúnað og tæki sem notuð eru á vinnustaðnum við viðhaldsþjónustu;
    - b) sérþekkingu eða tæknimenntun starfsfólks;
    - c) auglýsingar;
    - d) móttöku, geymslu og afhendingu samningsvara eða samsvarandi vara og sölu og viðhaldsþjónustu á þessum vörum;
    - e) viðgerðir og viðhald samningsvaranna og samsvarandi vara, einkum með tilliti til öryggis og áreiðanleika ökutækjanna;
  - 2) panta samningsvörur frá birginum einungis á tilteknum tímum eða innan tiltekins tímabils, að því tilskildu að aldrei líði meira en þrjú mánuðir milli pöntunardaga;
  - 3) leitast við eftir megni að selja, innan samningssvæðisins og á tilgreindu tímabili, lágmarksmagn af vörinni sem ákveðið er í samningi milli aðilanna eða, ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila um lágmarksmagn sem selja skal árlega skal óvilhallur sérfræðingur ákveða það á grundvelli fyrri sölu á svæðinu og söluhorfum þar og á landsvísu;
  - 4) eiga vörubirgðir að því marki sem ákveðið er í samræmi við fyrirkomulagið í 3. tölul.;
  - 5) hafa til sýnis þau ökutæki sem samningurinn nær til, eða tiltekin fjölda þeirra sem ráða má af fyrirkomulaginu í 3. tölul.;
  - 6) veita ábyrgðar- og viðhaldsþjónustu sem kaupandi fær að kostnaðarlausu og annast endurbætur vegna framleiðslugalla á samningsvörum og samsvarandi vörum;

- 7) nota einungis varahluti sem samningurinn nær til eða samsvarandi varahluti þegar um er að ræða fría ábyrgðar- og viðhaldsþjónustu og endurbætur vegna framleiðslugalla á samningsvörunum eða samsvarandi vörum;
- 8) upplýsa neytendur um það almennt að hve miklu leyti varahlutir frá öðrum framleiðendum séu ef til vill notaðir í viðhalds- eða viðgerðarþjónustu á samningsvörunum eða samsvarandi vörum;
- 9) upplýsa neytendur hafi varahlutir frá öðrum framleiðendum verið notaðir í viðhalds- eða viðgerðarþjónustu á samningsvörunum eða samsvarandi vörum.
2. Undanþágan gildir einnig um skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. hér að framan falli þær í einstökum tilvikum undir bannið er felst í 1. mgr. 85. gr.
- 5. gr.**
1. Undanþágan er ætíð háð þeim skilyrðum að:
- 1) dreifiaðilinn samþykki:
- a) að því er varðar ökutæki sem samningurinn nær til eða samsvarandi ökutæki sem annað fyrirtæki í dreifikerfinu útvegar á hinum sameiginlega markaði:
- að veita ábyrgðar- og viðhaldsþjónustu kaupanda að kostnaðarlausu og annast endurbætur vegna framleiðslugalla að því marki sem honum ber samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.,
  - að veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu í samræmi við e-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr.;
- b) að skylda fyrirtæki sem starfa innan samningssvæðisins og hann hefur samið við um sölu og viðhaldsþjónustu, samanber 6. tölul. 3. gr., til að veita ábyrgðarþjónustu og viðhaldsþjónustu kaupanda að kostnaðarlausu og annast endurbætur vegna framleiðslugalla að minnsta kosti að því marki sem dreifiaðilanum ber sjálfum að gera það;
- 2) birgirinn:
- a) neiti ekki án gildra ástæðna að veita samþykki sitt fyrir gerð, breytingu eða uppsögn samninga við undirverktaka eins og um getur í 6. tölul. 3. gr.;
- b) beiti ekki, í tengslum við skuldbindingar dreifiaðila sem um getur í 1. mgr. 4. gr., lágmarkskröfum eða matsforsendum sem valda því að dreifiaðila er mismunað án gildra ástæðna eða hann beittur misrétti;
- c) geri að minnsta kosti greinarmun á
- ökutækjum sem samningurinn nær til,
  - varahlutum sem samningurinn nær til og dreifiaðilinn getur einungis fengið frá fyrirtækjum í dreifikerfinu og
  - öðrum vörum,
- þegar hann leggur saman heildarmagn eða -virði varanna, sem dreifiaðilinn hefur fengið frá honum og tengdum fyrirtækjum á tilgreindu tímabili, í þeim tilgangi að reikna út afslátt;
- d) útvegi dreifiaðilanum fólksbifreið af tiltekinni tegund, sem samningurinn nær til og framleiðandinn hefur sett á markaðinn, eða veitt samþykki sitt fyrir að sett verði á markaðinn í aðildarríkinu þar sem fyrirhugað er að skrásetja ökutækið, fari dreifiaðilinn fram á það vegna sölusamnings við neytanda á hinum sameiginlega markaði.
2. Hafi dreifiaðilinn skuldbundið sig í samræmi við 1. mgr. 4. gr. til að bæta skipulag sölu og viðhaldsþjónustu gildir undanþágan, að því tilskildu að:
- 1) birgir leysi dreifiaðilann undan þeim skuldbindingum sem um getur í 3. tölul. 3. gr. geti dreifiaðilinn sýnt að gild rök mæli með því;
- 2) samningurinn gildi í minnst fimm ár eða, eigi hann að gilda í óákveðinn tíma, frestur sem báðir aðilar hafa til að segja samningnum upp án sérstakra ástæðna verði minnst tvö ár; uppsagnarfresturinn er stytur í minnst eitt ár ef:
- birginum ber samkvæmt lögum eða sérsamningi að greiða viðeigandi bætur segi hann samningnum upp, eða
  - dreifiaðilinn er nýkominn í dreifikerfið og samningstíminn, eða reglulegur uppsagnarfrestur vegna samningsins, er sá fyrsti sem þessi dreifiaðili semur um;
- 3) hvor aðili skuldbindi sig til að láta hinn vita með minnst sex mánaða fyrirvara ætli hann ekki að endurnýja samning sem gerður hefur verið til tiltekins tíma.
3. Skilyrði fyrir undanþágu sem mælt er fyrir um í 1. og 2. tölul. hafa ekki áhrif á:
- rétt birgis til að segja upp samningi með minnst eins árs fyrirvara ef nauðsynlegt reynist að endurskipuleggja allt dreifikerfið eða stóran hluta þess,
  - rétt aðila til að segja upp samningi hafi hinn aðilinn ekki staðið við einhverja af grundvallarskuldbindingum sínum.

Í hverju einstöku tilviki verða aðilar að samþykkja leiðir til skjótrar úrlausnar á deilu, komi til hennar, svo sem að málinu verði skotið til óvilhalls sérfræðings eða gerðardómsmanns, með fyrirvara um rétt aðila til að leita til þar til bærs dómstóls í samræmi við ákvæði landslaga.

#### 6. gr.

1. Undanþágan gildir ekki ef:
  - 1) báðir samningsaðilar eða fyrirtæki tengd þeim eru framleiðendur ökutækja; eða
  - 2) aðilar tengja samninga sína ákvæðum um aðrar vörur eða þjónustu en getið er í þessari reglugerð eða láta samninga sína taka til slíkra vara eða þjónustu; eða
  - 3) aðilar samþykkja samkeppnishömlur, að því er varðar ökutæki með þremur eða fleiri hjólum, er falla ekki sérstaklega undir undanþágur þessarar reglugerðar; eða
  - 4) aðilar gera samninga, að því er varðar ökutæki með þremur eða fleiri hjólum eða varahluti fyrir þau, eða taka þátt í samstilltum aðgerðum sem eru undanþegnar banni 1. mgr. 85. gr. sáttmálans samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1983/83 eða (EBE) nr. 1984/83 umfram það sem kveðið er á um í þessari reglugerð; eða
  - 5) aðilar samþykkja að birgir áskilji sér rétt til að gera dreifingar- og þjónustusamninga vegna samningsvara við tiltekin önnur fyrirtæki er starfa á samningssvæðinu eða til að breyta samningssvæðinu; eða
  - 6) framleiðandi, birgir eða annað fyrirtæki takmarkar beint eða óbeint frelsi dreifiaðila til að ákvarða verð og afslætti við endursölu samningsvara eða samsvarandi vara; eða
  - 7) framleiðandi, birgir eða annað fyrirtæki innan dreifikerfisins takmarkar beint eða óbeint frelsi neytenda, viðurkenndra milliliða eða dreifiaðila til að fá samningsvörur eða samsvarandi vörur, eða þjónustu við slíkar vörur, frá fyrirtæki í dreifikerfinu að eigin vali innan sameiginlega markaðarins eða frelsi neytenda til að endurselja samningsvörur eða samsvarandi vörur fari endursalan ekki fram í ábataskyni; eða
  - 8) birgir greiðir dreifiaðilum án gildrar ástæðu þóknun sem er reiknuð með hliðsjón af áfangastað seldra ökutækja eða búsetu kaupanda; eða
  - 9) birgir takmarkar beint eða óbeint frelsi dreifiaðila samkvæmt 5. tölul. 3. gr. til að fá hjá utanaðkomandi fyrirtæki að eigin vali varahluti sem keppa við samningsvörur og standast samanburð við þær hvað gæði varðar; eða
  - 10) framleiðandi takmarkar beint eða óbeint frelsi birgja varahluta til að bjóða slíkar vörur til endurseljenda að eigin vali, þar á

meðal fyrirtækja innan dreifikerfisins, að því tilskildu að varahlutirnir séu jafngóðir og samningsvörur; eða

- 11) framleiðandi takmarkar beint eða óbeint frelsi framleiðenda varahluta til að setja vörumerki sín eða kennimerki þar sem þau sjást vel og greinilega á hluta sem eru afhentir til frumsamsetningar eða viðgerða eða viðhalds á samningsvörum eða samsvarandi vörum; eða
- 12) framleiðandi neitar, jafnvel gegn greiðslu, að veita viðgerðaraðilum utan dreifikerfisins aðgang að tæknilegum upplýsingum, sem eru nauðsynlegar vegna viðgerða eða viðhalds á samningsvörum eða samsvarandi vörum, eða eru nauðsynlegar til að unnt sé að virða reglur um umhverfisvernd, að því tilskildu að upplýsingarnar falli ekki undir hugverkarétt eða heyri til þekktrar, mikilvægrar og leynilegrar verkþekkingar; þegar svo ber undir er óheimilt að neita um nauðsynlegar tæknilegar upplýsingar að óréttmætu.

2. Með fyrirvara um áhrif á önnur ákvæði samningsins skal, í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 1. til 5. tölul. 1. mgr., ákvæðið um að undanþága eigi ekki við gilda um öll samkeppnishamlandi ákvæði í viðkomandi samningi; þetta gildir einungis, í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 6. til 12. tölul. 1. mgr., um samkeppnishamlandi ákvæði sem samþykkt hafa verið fyrir hönd framleiðanda, birgis eða annars fyrirtækis innan dreifikerfisins er þátt eiga í athæfinu sem kært er.

3. Með fyrirvara um áhrif á önnur ákvæði samningsins skal, í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 6. til 12. tölul. 1. mgr., ákvæðið um að undanþága eigi ekki við einungis gilda um samkeppnishamlandi ákvæði sem hafa verið sett til hagsbóta fyrir framleiðanda, birgi eða annað fyrirtæki í sölu- og þjónustusamninga, sem hafa verið gerðir fyrir landsvæði á sameiginlega markaðinum þar sem athæfið sem mótmælt er raskar samkeppni, og einungis á meðan athæfið sem kært er varir.

#### 7. gr.

Bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildir ekki á tímabilinu frá 1. október 1995 til 30. september 1996 að því er varðar samninga sem eru í gildi 1. október 1995 og fullnægja skilyrðum um undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 123/85.

#### 8. gr.

Í einstökum tilvikum, þegar framkvæmdastjórnin telur að samningur sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar hafi engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, er henni heimilt að draga til baka ávinninginn af því að beita þessari reglugerð á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE, einkum þegar:

- 1) samningsvörurnar eða samsvarandi vörur þurfa ekki að standast samkeppni á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans við vörur sem neytendur telja



sambærilegar að því er lýtur að eiginleikum þeirra, verði og áætlaðri notkun;

- 2) að staðaldri er verulegur munur milli aðildarríkja á verði og söluskilmálum fyrir samningsvörurnar eða samsvarandi vörur og þetta misræmi stafar aðallega af skuldbindingum sem eru undanþegnar með þessari reglugerð;
- 3) framleiðandi eða fyrirtæki í dreifikerfinu beita með óréttmætum hætti mismunandi verði eða söluskilmálum þegar þeir láta dreifingaraðilum í té samningsvörur eða samsvarandi vörur.

### 9. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda um samstilltar aðgerðir í þeim flokkum sem þessi reglugerð tekur til.

### 10. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningar um sölu og viðhaldsþjónustu“: rammasamningar milli tveggja fyrirtækja til ákveðins eða óákveðins tíma þar sem aðilinn sem útvegar vörur felur hinum aðilanum að selja þær og annast þjónustu í tengslum við þær;
2. „aðilar“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi í skilningi 1. gr.; „birgir“ er fyrirtækið sem útvegar samningsvörurnar og „dreifiaðili“ er fyrirtækið sem birgir felur að sjá um sölu og viðhaldsþjónustu á samningsvörum;
3. „samningssvæði“: skilgreint svæði á hinum sameiginlega markaði sem skuldbindingin um einkasölu í skilningi 1. gr. tekur til;
4. „samningsvörur“: ný ökutæki ætluð til aksturs á vegum og búin þremur eða fleiri hjólum, ásamt varahlutum í þau, sem samningur í skilningi 1. gr. fjallar um;
5. „sem samningurinn nær til“: hér er átt við allar samningsvörur;
6. „varahlutir“: hlutir sem unnt er að setja í eða á ökutæki í staðinn fyrir íhluta í því ökutæki. Greina skal á milli varahluta og annarra auka- og fylgihluta samkvæmt viðteknum venjum í ökutækjaiðnaðinum;
7. „framleiðandi“: fyrirtæki sem
  - a) framleiðir eða lætur framleiða ökutæki sem samningurinn nær til, eða
  - b) er tengt fyrirtæki sem lýst er í a-lið;
8. „tengd fyrirtæki“:
  - a) tvö eða fleiri fyrirtæki þar sem annað beint eða óbeint:

- á meirihluta skráðs hluta- eða rekstrarfjár í hinu fyrirtækinu, eða

- ræður yfir meirihluta atkvæða í hinu fyrirtækinu, eða

- getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn hins fyrirtækisins, framkvæmdastjórn eða aðrar stofnanir sem koma fram fyrir hönd þess, eða

- hefur rétt til að stjórna rekstri hins fyrirtækisins;

b) fyrirtæki þar sem þriðji aðili hefur beint eða óbeint þau réttindi og ítök sem um getur í a-lið hér að framan;

9. „fyrirtæki í dreifikerfinu“: samningsaðilar, framleiðandi samningsvaranna eða samsvarandi vara og fyrirtæki sem framleiðandi hefur falið að selja þær eða sjá um viðhald á þeim eða sem gera það með hans samþykki;

10. „fólksbifreið af tiltekinni tegund sem samningurinn nær til“: fólksbifreið

- sem er fjöldaframleidd eða -samansett af framleiðandanum, og

- samsvarar nákvæmlega fólksbifreið sem samningurinn nær til að því er varðar yfirbyggingu, drifkerfi, grind og vélartegund;

11. „samsvarandi vörur“, „samsvarandi ökutæki“ og „samsvarandi varahlutir“: hlutir af sömu gerð og þeirri sem samningurinn nær til, sem framleiðandi dreifir eða dreift er með samþykki hans og eru efni samnings við fyrirtæki í dreifikerfinu um sölu og viðhaldsþjónustu;

12. „endursala“: öll viðskipti þar sem einstaklingur eða löggjafarstjórn - „endurseljandi“ - selur nýtt ökutæki er hann hafði áður eignast í eigin nafni og fyrir eigin reikning, án tillits til þess hvað það kallast samkvæmt einkaréttarlögum eða í hvaða formi endursalan fer fram. Hugtakið endursala tekur einnig til leigusamninga sem fela í sér afsal eða möguleika á kaupum fyrir samningslok;

13. „dreifa“ og „selja“: taka að því er dreifiaðila varðar einnig til annarra aðferða við að láta vörur af hendi, til dæmis leigu.

### 11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin metur með reglulegu millibili beitingu þessarar reglugerðar, einkum með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur á verðmismun samningsvara milli aðildarríkja og á gæði þjónustu við neytendur að undanþiggja dreifikerfið.

2. Framkvæmdastjórnin mun fá álit samtaka og sérfræðinga sem eru fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila, einkum neytendasamtaka.

3. Framkvæmdastjórnin tekur saman skýrslu um áhrif af þessari reglugerð 31. desember 2000 eða fyrr, einkum með tilliti til þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í 1. mgr.

**12. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 4087/88 tekur ekki til samninga um vörur og þjónustu sem vísað er til í þessari reglugerð.

**13. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

Hún gildir frá 1. október 1995 til 30. september 2002.

Ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 123/85 gilda áfram til 30. september 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Karel VAN MIERT***

framkvæmdastjóri.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar****96/EES/51/10****nr. 47/96  
frá 23. júlí 1996****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/96 frá 5. júní 1996<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB frá 24. október 1994 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2a (tilskipun ráðsins 91/692/EBE) í I. kafla XX. viðauka við samninginn:

„2aa. **394 D 0741:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB frá 24. október 1994 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)(Stjttð. EB nr. L 296, 17. 11. 1994, bls. 42).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 23. júlí 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*H. Hafstein*

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 237, 19. 9. 1996 bls. 46 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 41, 19. 9. bls. 107.

(<sup>2</sup>) Stjttð. EB nr. L 296, 17. 11. 1994, bls. 42.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 24. október 1994****um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE)(\*)****(94/741/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál<sup>(1)</sup>, einkum 5. og 6. gr. og VI. viðauka við hana,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði<sup>(4)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 91/692/EBE,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í stað ákvæða 18. gr. tilskipunar 75/439/EBE, 16. gr. tilskipunar 75/442/EBE og 17. gr. tilskipunar 86/278/EBE koma ákvæði 5. gr. tilskipunar 91/692/EBE þar sem þess er krafist að aðildarríkin

sendi framkvæmdastjórninni upplýsingar um framkvæmd vissra tilskipana bandalagsins í formi skýrslu um einstök málefnavið.

Skýrsluna ber að vinna á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE.

Fyrsta sviðsskýrslan tekur til tímabilsins frá 1995 til 1997 að báðum árum meðtöldum.

Ráðstafanirnar sem eru fyrirhugaðar með þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 6. gr. fyrrnefndrar tilskipunar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Spurningalistarnir sem fylgja þessari ákvörðun og varða tilskipanir ráðsins 75/439/EBE, 75/442/EBE og 86/278/EBE eru hér með samþykktir.

**2. gr.**

Aðildarríkin munu styðjast við spurningalistana við gerð skýrslna um einstök málefnavið sem þeim ber að senda framkvæmdastjórninni samkvæmt 5. gr. tilskipunar 91/692/EBE.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. október 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Yannis PALEOKRASSAS**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 296, 17. 11. 1994, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/96 frá 23. júlí 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

(2) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 23.

(3) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

(4) Stjttíð. EB nr. L 181, 4. 7. 1986, bls. 6.

# VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR SPURNINGALISTA

1. Spurningalisti varðandi tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE<sup>(2)</sup>.
2. Spurningalisti varðandi tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.
3. Spurningalisti varðandi tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði<sup>(4)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 91/692/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjútö. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjútö. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

<sup>(3)</sup> Stjútö. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjútö. EB nr. L 181, 4. 7. 1986, bls. 6.

Beiting tilskipunar 91/692/EBE um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál

### SPURNINGALISTI

varðandi skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskipunar 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE<sup>(1)</sup>

**Ekki er þörf á að endurtaka upplýsingar sem þegar hafa verið látnar í té**

#### I. UPPTAKA Í LANDSLÖG

1. a) Hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um lög og reglugerðir sem hafa verið sett í því augnamiði að fella tilskipunina, með áorðnum breytingum, inn í landslög? (Já/Nei)
  - b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
2. a) Hefur verið gripið til ráðstafana samkvæmt ákvæðum 7. gr.? (Já/Nei)
  - b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um þessar ráðstafanir? (Já/Nei)
    - c) Ef svarið við b-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
3. a) Hefur verið gripið til strangari ráðstafana samkvæmt 16. gr.? (Já/Nei)
  - b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um þessar ráðstafanir? (Já/Nei)
    - c) Ef svarið við b-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.

#### II. FRAMKVÆMD TILSKIPUNARINNAR

1. a) Hefur verið gripið til nauðsynlegra ráðstafana samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr. til að tryggja að olíuúrgangi sé safnað og fargað án þess að valda mönnum og umhverfi skaða sem unnt hefði verið að komast hjá?
  - b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
  - c) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi ber að fylla út eftirfarandi töflur, eins og við verður komið, og taka fram hvort einhverjar þeirra upplýsinga sem látnar eru í té eru byggðar á mati.
    - i)

	1. ár	2. ár	3. ár
<b>Heildarmagn markaðssettrar/seldrar olú, ef það liggur fyrir</b>			

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

ii)

	1. ár	2. ár	3. ár
<b>Heildarmagn olíuúrgangs sem til fellur</b>			
<b>Safnað magn</b>			
<b>Endurunnið magn</b>			
<b>Brennt magn</b>			
<b>Varðveitt magn (m.a. geymt til frambúðar)</b>			

2. a) Hafa nokkrar tæknilegar, efnahagslegar eða skipulagslegar aðstæður sem um getur í 1. mgr. 3. gr. hindrað aðildarríkin í að gera vinnslu olíuúrgangs með endurmyndun að forgangsverkefni?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.  
(Já/Nei)
- c) Hafa nokkrar tæknilegar, efnahagslegar eða skipulagslegar aðstæður sem um getur í 2. mgr. 3. gr. haft áhrif á hagkvæmni þess að brenna olíuúrgang?  
(Já/Nei)
- d) Ef svarið við c-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.
- e) Ef um það er að ræða að fyrrnefndar aðstæður hafi komið í veg fyrir endurmyndun eða brennslu olíuúrgangs, hefur verið gripið til ráðstafana í samræmi við 3. mgr. 3. gr.?  
(Já/Nei)
- f) Ef svarið við e-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.
3. a) Hefur verið efnt til upplýsingaherferða og kynningarátaks samkvæmt 1. mgr. 5. gr.?  
b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar um kynningarverkefni sem efnt hefur verið til innanlands og nefnið dæmi, ef kostur er, um önnur átaksverkefni og greinið meðal annars frá hvaða yfirvöld hleyptu áttakinu af stokkunum, hvers eðlis það er, í hvaða fjölmiðlum (sjónvarpi, útvarpi, fréttablöðum o.s.frv.), hverjum það er ætlað og mati á árangri sem átakið skilar, hafi slíkt mat farið fram (t.d. má greina frá aukinni samsöfnun olíuúrgangs til meðhöndlunar eða endurmyndunar).
4. Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu viðvíkjandi fyrirtækjum sem safna olíuúrgangi (taka ber fram ef upplýsingar sem eru láttnar í té eru byggðar á mati):

NUTS-stig(*) eftirlitsyfirvalds (4. mgr. 5. gr.)	Fjöld yfirvalda	Leyfiskerfi komið á (já/nei)	Heildarfjöldi fyrirtækja skráður/leyfður		Athugasemdir (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
			Einungis olíu- úrgangur	Olíuúrgangur og annar úrgangur	

(\*) NUTS: Nomenclature des Unités Territoriales Statistiques/Flokkun hagskýrslusvæða (Eurostat).

5. a) Liggur fyrir ákvörðun um að vinna olíuúrgang samkvæmt einhverri þeirri vinnsluaðferð sem um getur í 3. gr., eins og kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr.?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast tiltakið vinnsluaðferð.
- c) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast tiltakið hvort viðeigandi eftirlitsráðstafanir hafa verið gerðar og ef svo er lýsið þeim í stuttu máli.
6. a) Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu viðvíkjandi fyrirtækjum sem farga olíuúrgangi og takið fram ef upplýsingar sem eru láttnar í té eru byggðar á mati:

Tafla A

NUTS-stig yfirvalds (1. mgr. 6. gr.)	Fjöldi yfirvalda	Fjöldi leyfa (*) Einungis olíuúrgangur			Viðbótar- athugasemdir
		Endurmyndun	Brennsla	Varsla á tipp (þar með talin varanleg geymsla)	

(\*) Starfsstöðvar/fyrirtæki.

Tafla B

NUTS-stig yfirvalds (1. mgr. 6. gr.)	Fjöldi yfirvalda	Fjöldi leyfa (*) Olíuúrgangur og annar úrgangur			Viðbótar- athugasemdir
		Endurmyndun	Brennsla	Varsla á tipp (þar með talin varanleg geymsla)	

(\*) Starfsstöðvar/fyrirtæki.



- b) Koma skal fram með hvaða hætti lögbært yfirvald hefur gengið úr skugga um að allar viðeigandi ráðstafanir til verndar umhverfi og heilsu manna (eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr.) hafi verið gerðar.
7. a) Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu með þeim viðmiðunargildum sem ákveðin hafa verið fyrir efnin sem talin eru upp í viðaukanum við tilskipunina (a-liður 1. mgr. 8. gr.) og fyrir aðrar færribreytur eða efni.

Mengunarefni	Viðmiðunargildi í viðauka við tilskipunina	Innlent viðmiðunargildi		Athugasemd (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
	mg/Nm <sup>3</sup>	Gildi	Eining	
Cd	0,5			
Ni	1			
	annaðhvort eða			
Cr				
Cu	1,5 5			
V				
Pb	5			
Cl	100			
F	5			
SO <sub>2</sub>	—			
Ryk (alls)	—			

- b) Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu með upplýsingum um þær eftirlitsaðgerðir sem gilda um stöðvar með varmaafli innan við 3 MW (b-liður 1. mgr. 8. gr.) og takið fram innlend viðmiðunargildi þar sem þau hafa verið ákveðin.

Mengunarefni	Innlent viðmiðunargildi		Athugasemdir (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
	Gildi	Eining	
Cd			
Ni			
Cr			
Cu			
V			
Pb			
Cl			
F			
SO <sub>2</sub>			
Ryk (alls)			

- c) Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu viðvíkjandi brennslu olíuúrgangs í stöðvum og takið fram ef upplýsingar sem eru láttnar í té eru byggðar á mati:

NUTS-stig eftirlitsyfirvalds (1. mgr. 8. gr.)	Fjöldi yfirvalda	Viðbótar- athugasemdir
≥ 3 MW		
≤ 3 MW		

8. Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu, samkvæmt 11. gr., viðvíkjandi minnsta magni olíuúrgangs sem aðildarríkin ákveða.

	Minnsta magn	Viðbótarathugasemdir
Framleiðsla		
Samsöfnun		
Förgun		

- 
9. a) Fá fyrirtæki sem safna olíuúrgangi þóknun eins og kveðið er á um í 14. gr.? (Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast gefið upp meðalfjárhæð þessarar þóknunar, gerið grein fyrir forsendum útreikninga og lýsið aðferð(um) við fjármögnun.
10. a) Fá fyrirtæki sem farga olíuúrgangi þóknun eins og kveðið er á um í 14. gr.? (Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast gefið upp meðalfjárhæð þessarar þóknunar og gerið grein fyrir forsendum útreikninga og aðferð(um) við fjármögnun.

Beiting tilskipunar 91/692/EBE um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál

### SPURNINGALISTI

varðandi skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskipunar 75/442/EBE um úrgang, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE.<sup>(1)</sup>

**Ekki er þörf á að endurtaka upplýsingar sem þegar hafa verið látnar í té**

#### I. UPPTAKA Í LANDSLÖG

1. a) Hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um lög og reglugerðir sem hafa verið sett í því augnamiði að fella tilskipunina, með áorðnum breytingum, inn í landslög?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
2. Vinsamlegast tiltakið í eftirfarandi töflu (áætlaðan) fjölda lögbærra yfirvalda á hverju NUTS-stigi sem er tilnefndur samkvæmt 6. gr. og tiltakið valdsvið þeirra með því að merkja í viðkomandi reiti.

Hvers konar yfirvald	Fjöldi yfirvalda eða stofnana	Áætlanir um meðhöndlun úrgangs (1. mgr. 7. gr.)	Leyfi til förgunar-aðgerða (1. mgr. 9. gr.) (*)	Leyfi til endurnýtingar (10. gr.) (*)	Skráning á undanþágum frá kröfum 9. og 10. gr. (11. gr.)	Skráning starfsstöðva eða fyrirtækja (12. gr.)	Athugasemdir (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
NUTS 0 (**)							
NUTS 1							
NUTS 2							
NUTS 3							
NUTS 4							
NUTS 5							

(\*) Starfsstöðvar/fyrirtæki.

(\*\*) NUTS: Nomenclature des Unités Territoriales Statistiques/Flokkun hagskýrsluvæða (Eurostat).

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

## II. FRAMKVÆMD TILSKIPUNARINNAR

1. a) Hafa áætlanir um meðhöndlun úrgangs verið gerðar í því augnamiði að ná þeim markmiðum sem um getur í 3., 4. og 5. gr.? (Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
- c) Vinsamlegast veitið upplýsingar um einstakar áætlanir um meðhöndlun úrgangs sem hafa verið gerðar, samanber eftirfarandi (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur):

Yfirvald	Dagsetningar vegna			Úrgangsflokkar			
	samþykktar/ birtingar	upphafs dags framkvæmdar eða síðustu uppfærslu	lokadags framkvæmdar (* )	Heimilis- úrgangur (já/nei)	Hættulegur úrgangur (já/nei)	Aðrir (tilgreinið)	Svæði

(\*) Ef áætlun er í gangi, tiltakið „í gangi“.

- d) i) Hefur verið um samstarf að ræða við önnur aðildarríki eða framkvæmdastjórnina eins og um getur í 2. mgr. 7. gr.? (Já/Nei)
- ii) Ef svarið við i-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið upplýsingar um umfang og form slíks samstarfs.
- e) i) Hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um almennar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 7. gr.? (Já/Nei)
- ii) Ef svarið við i-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
2. a) Hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um ráðstafanir sem til stendur að gera samkvæmt 1. mgr. 3. gr.? (Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
3. a) Hafa ráðstafanir verið gerðar til að mæta skuldbindingunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. um að koma á fót samþættu og skilvirku kerfi förgunarstöðva? (Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.

- c) Vinsamlegast veitið upplýsingar um umfang og form samvinnu sem hugsanlega hefur tekist við önnur aðildarríki til að mæta skuldbindingum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.
- d) Í hve ríkum mæli getur viðkomandi aðildarríki sjálft séð um að farga úrgangi? Vinsamlegast útskýrið svarið nánar með rauntölum eða áætluðum tölum um úrgang sem til fellur og er fargað í aðildarríkinu sem hlutfall af öllum úrgangi sem til fellur í því og farga þarf.
4. Vinsamlegast veitið eftirfarandi upplýsingar, samkvæmt 1. mgr. 7. gr., ef þær eru fyrir hendi og takið fram ef uppgæfnar tölur eru byggðar á mati:

	Heimilisúrgangur (tonn/ár)	Hættulegur úrgangur (tonn/ár)	Annar úrgangur, tilgreinið (tonn/ár)
Allur úrgangur sem til fellur (*), meðal annars: -endurunninn (*): -brenndur (*): -brenndur, með endurnýtingu orku (*): -urðaður (*): -annar, tilgreinið (*):			

(\*). Í aðildarríkinu.

5. a) Hafa almennar reglur verið samþykktar um undanþágur samkvæmt 11. gr.?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi en framkvæmdastjórninni hefur ekki verið tilkynnt um þær almennu reglur sem hafa verið samþykktar ber að greina frá ástæðum þess arna.
6. a) Er einhverjum þeirra stöðva eða fyrirtækja sem um getur í 9. og 10. gr. gert skylt að halda skrár í stöðluðu formi samkvæmt 14. gr.?  
(Já/Nei)

Ef svarið er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.

- b) Ber framleiðendum að fara að ákvæðum 14. gr.?  
(Já/Nei)

Ef svarið er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.

Beiting tilskipunar 91/692/EBE um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál

### SPURNINGALISTI

varðandi skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskipunar 86/278/EBE um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði, eins og henni var breytt með tilskipun 91/692/EBE<sup>(1)</sup>

**Ekki er þörf á að endurtaka upplýsingar sem þegar hafa verið látnar í té**

#### I. UPPTAKA Í LANDSLÖG

1. a) Hafa framkvæmdastjórninni borist upplýsingar um lög og reglugerðir sem hafa verið sett í því augnamiði að fella tilskipunina, með áorðnum breytingum, inn í landslög?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
2. a) Hefur framkvæmdastjórninni verið tilkynnt um innlendar ráðstafanir, sem hafa hugsanlega verið gerðar samkvæmt 5. gr., í þeim tilgangi að banna að seyra frá skólphreinsistöðvum sé notuð í jarðvegi þar sem styrkur eins eða fleiri þungmálma fer yfir þau viðmiðunargildi sem hafa verið samþykkt?  
(Já/Nei)
- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.
- c) Ef innlendar ráðstafanir hafa verið gerðar sem eru strangari en þær sem kveðið er á um í tilskipuninni, hefur framkvæmdastjórninni verið tilkynnt um slíkt í samræmi við 12. gr.?  
(Já/Nei)
- d) Ef svarið við c-lið hér að framan er neitandi ber að greina frá ástæðum þess arna.

#### II. FRAMKVÆMD TILSKIPUNARINNAR

1. Vinsamlegast tilgreinið öll sérstök skilyrði, sem talið er nauðsynlegt að uppfylla til að vernda heilsu manna og umhverfið í samræmi við fyrsta undirlið 2. mgr. 3. gr., þegar úrgangseyra frá rotþróum og öðrum ámóta mannvirkjum þar sem skolp er meðhöndlað er notuð í landbúnaði.
2. a) Vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu viðvíkjandi ákvæðum 5. gr. og takið fram ef upplýsingar sem eru látnar í té eru byggðar á mati:

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

Málmur	1. mgr. 5. gr.		a-liður 2. mgr. 5. gr.		b-liður 2. mgr. 5. gr.	
	Styrkur í jarðvegi		Styrkur í seyru		Notkun í landbúnaði	
	Tilskipun I. viðauki A	Innlend viðmiðunargildi	Tilskipun I. viðauki B	Innlend viðmiðunargildi	Tilskipun I. viðauki C	Innlend viðmiðunargildi
	mg/kg þurrefni	mg/kg þurrefni	mg/kg þurrefni	mg/kg þurrefni	kg/ha/ár	kg/ha/ár
Kadmíum	1 til 3		20 til 40		0,15	
Kopar	50 til 140		1 000 til 1 750		12	
Nikkel	30 til 75		300 til 400		3	
Blý	50 til 300		750 til 1 200		15	
Sink	150 til 300		2 500 til 4 000		30	
Kvikasilfur	1 til 1,5		16 til 25		0,1	
Króm	—		—		—	

- b) Hafi kosturinn sem er í boði samkvæmt a-lið 2. mgr. 5. gr. verið valinn ber að tilgreina það hámark seyru sem heimilt er að nota í jarðvegi á hverja einingu lands á ári (í tonnnum af þurrefni á hektara á ári).
- c) Hafi rýmri viðmiðunargildi verið leyfð fyrir styrkleika þungmálma í jarðvegi í samræmi 1. neðanmálsgrein I. viðauka A, vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu og takið fram ef upplýsingar sem eru látnar í té eru byggðar á mati:



Málmur	Fjöldi svæða (*)	Yfirborð þakið (ha)	Jarðvegsgerð (m.a. vatnafræðilegir eiginleikar)	pH	Nýtt viðmiðunargildi (mg/kg af þurrefni)	Athugas. og/eða ástæður fyrir undanþágunni (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
Kadmíum						
Kopar						
Nikkel						
Bly						
Sink						
Kvikasilfur						
Króm						

(\*) Eða fjöldi skólphreinsistöva sem undanþágan nær til.

- d) Hafi rýmri viðmiðunargildi verið leyfð fyrir styrkleika þungmálma í jarðvegi í samræmi 2. neðanmálgrein I. viðauka A, vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu (ekki er skylt að fylla út þrjá fyrstu dálkana):

Málmur	Fjöldi svæða (*)	Leyfilegt hámarks magn seyru (þurrefni í tonnum)	Jarðvegsgerð (m.a. vatnafræðilegir eiginleikar)	pH	Nýtt viðmiðunargildi (mg/kg af þurrefni)	Athugas. og/eða ástæður fyrir undanþágunni (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
Kopar						
Nikkel						
Sink						

(\*) Eða fjöldi skólphreinsistöva sem undanþágan nær til.

- e) Hafi rýmri viðmiðunargildi verið leyfð fyrir styrkleika þungmálma í jarðvegi í samræmi 1. neðanmálgrein I. viðauka C, vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu og takið fram ef upplýsingar sem eru láttnar í té eru byggðar á mati:

Málmur	Fjöldi svæða	Yfirborð þakið (ha)	Jarðvegsgerð (m.a. vatnafræðilegir eiginleikar)	pH	Nýtt viðmiðunargildi (kg/ha/ár)	Athugas. og/eða ástæður fyrir undanþágunni (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
Kadmíum						
Kopar						

Málmur	Fjöldi svæða	Yfirborð þakið (ha)	Jarðvegsgerð (m.a. vatnafræðilegir eiginleikar)	pH	Nýtt viðmiðunargildi (kg/ha/ár)	Athugas. og/eða ástæður fyrir undanþágunni (á sérstöku blaði ef nauðsyn krefur)
Nikkel						
Blý						
Sink						
Kvikasilfur						
Króm						

3. a) Vinsamlegast lýsið í stuttu máli þeirri tækni sem er beitt við meðferð seyru að því er varðar ákvæði 6. gr.
- b) Hafa reglur verið samþykktar sem tryggja að greining fari oftast fram en kveðið er á um í 1. mgr. II. viðauka A?

(Já/Nei)

- c) Ef svarið við b-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.

- d) Hafa skilyrði verið samþykkt fyrir því að heimila að óhreinsaðri seyru sé dælt eða hún plægð niður í jarðveginn (a-liður 6. gr.)?

(Já/Nei)

- e) Ef svarið við d-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast veitið nánari upplýsingar.
- 4. Að því er varðar 7. gr. ber, eftir atvikum, að tilgreina í hve langan tíma óheimilt er að nota seyru á graslendi áður en það er nýtt til beitar, og á land þar sem fóðurfurðir eru ræktaðar áður en að uppskerutíma kemur.
- 5. a) Hafa nokkur viðmiðunargildi verið lækkuð eða, eftir atvikum, aðrar ráðstafanir leyfðar á innlendum vettvangi þar sem pH-gildi jarðvegs er undir 6, eins og kveðið er á um í 8. gr.?

(Já/Nei)

- b) Ef svarið við a-lið hér að framan er játandi, vinsamlegast útfyllið eftirfarandi töflu:

	Kadmíum	Kopar	Nikkel	Blý	Sink	Kvikasilfur	Króm
Lækkað viðmiðunargildi (mg/kg af þurrefni)							
Aðrar ráðstafanir							

- 6. a) Ef það á við ber að tilgreina hvers kyns greining er gerð samkvæmt 9. gr. og 1. mgr. II. viðauka B á öðrum jarðvegsfærubreytum en þeim sem getið er í 3. mgr. II. viðauka B (pH og þungmálmar).
- b) Tilgreina ber lágmarkstíðni jarðvegsgreininga (2. mgr. II. viðauka B).
- 7. Á grundvelli þeirra gagna sem er að finna í þeim skýrslum sem um getur í 10. gr. ber að útfylla eftirfarandi töflu og taka fram ef upplýsingar sem eru láttnar í té eru byggðar á mati:

	Þurrefni (tonn/ár)			Yfirborð þakið (valfrjálst)		
	1995	1996	1997			
Seyra frá sorp-eyðingarstöðvum						
				1995	1996	1997
Seyra notuð í landbúnaði						

SEYRA NOTUÐ Í LANDBÚNAÐI  
Meðalstyrkur (mg/kg af þurrefni)

Færibreytur	1995	1996	1997
MÁLMAR			
Kadmíum			
Kopar			
Nikkel			
Blý			
Sink			
Kvikasilfur			
Króm			
FRUMEFNI			
Köfnunarefni (heildarmagn N)			
Fosfór (heildarmagn P)			

8. Tilgreina ber fjölda tilvika þar sem undanþágur hafa verið veittar samkvæmt 11. gr.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.848 - Ahold/CSC)

**96/EES/51/11**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 10. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Koninklijke Ahold, N.V. (Ahold), sem skráð er í Hollandi og starfar einnig fyrir M.P. de Labella B.V., dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Ahold, sem einnig annast viðskipti undir heitinu Ahold España, og Central de Serveis Ciències, S.L., (CSC), sem skráð er á Spáni, sem starfar einnig fyrir Censerdist, S.L., sem starfar undir heitinu Caprabo, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Store 2000, S.A.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Ahold-samstæðan: smásala á matvælum í Hollandi, Portúgal, Lýðveldinu Tékkíu, Póllandi og Bandaríkjunum,
  - CSC: smásala á matvælum í Katalóníu og Baleareyjum,
  - Store 2000: smásala á matvælum í Madrid.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 334, 8. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.848 - Ahold/CSC, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.854 - Daewoo/Thomson Multimedia)**

96/EES/51/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. 10. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Daewoo Electronics Co Ltd öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Thomson Multimedia með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Daewoo Electronics: hönnun, þróun, framleiðsla og sala á almennum rafmagnsvörum,
  - Thomson Multimedia: hönnun, þróun, framleiðsla og sala á almennum rafmagnsvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 335, 9. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.854 - Daewoo/Thomson Multimedia, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 38/96**  
**Þýskaland**

**96/EES/51/13**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við samningsbundinn framleiðslustyrk til fyrirtækisins Bremer Vulkan Werft GmbH, sem hefur verið tekið til skiptameðferðar, vegna smíði tveggja gámaskipa (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 330 frá 5. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. 40/96**  
**Ítalía**

**96/EES/51/14**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðgerðir ítalskra stjórnvalda til að endurbæta, endurskipuleggja og einkavæða Banco di Napoli samkvæmt lagaúrskurði nr. 163 frá 27. mars 1996, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 293 frá 27. maí 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 328 frá 1. 11. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við ítölsk stjórnvöld.



**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 7. 10. til 18. 10. 1996**

**96/EES/51/15**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 335	CB-CO-96-413-EN-C <sup>(1)</sup>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaráætlun til að stuðla að auknum samsettum vöruflutningum  Tillaga að reglugerð ráðsins um fjárhagsaðstoð bandalagsins vegna aðgerða til að stuðla að auknum samsettum vöruflutningum	24.7.1996	9.10.1996	48
COM(96) 467	CB-CO-96-476-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegar rammareglur fyrir samræmingu á einstaklingssamskiptáþjónustu um gervihnetti í Evrópu-sambandinu	14.10.1996	14.10.1996	18
COM(96) 489	CB-CO-96-497-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ráðstafanir í tengslum við fiskveiðistjórnun í Eystrasalti	11.10.1996	14.10.1996	9
COM(96) 484	CB-CO-96-495-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um sameiginlegt gagnaflutningsnet símamálastjórna fyrir hagskýrslur um vöruviðskipti milli aðildarríkjanna (Edicom)	16.10.1996	16.10.1996	4
COM(96) 480	CB-CO-96-487-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um opnar umræður um drög að auglýsingu um beitingu samkeppnisreglna gagnvart póstgeiranum og um mat á tilteknum ráðstöfunum aðildarríkjanna í tengslum við pósthjónustu	17.10.1996	17.10.1996	16

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/51/16

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtfð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtfð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtfð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
96-0351-FIN	Ákvörðun viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins um sprengiefni	9.12.1996
96-0352-DK	Fyrirmæli um eftirlit með rafmagnsmælum sem eru notaðir til að mæla rafmagnsnotkun	17.12.1996
96-0353-NL	Fyrsta breyting á reglugerð um fódur til framleiðslu á svínakjöti í samræmi við japanskan staðal frá 1995	10.12.1996
96-0354-GR	Ráðherraákvörðun um breytingar á MARPOL-reglugerð 108/91/16.12.91 um söfnun og förgun olíuúrgangs frá vélarrúmi skipa	10.12.1996
96-0355-D	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 105 fyrir sjónvarps- og útvarpsbúnað í lokuðu landfarstöðvarþjónustunni (noeML) til notkunar á tíðnisviðinu 2,3 GHz af sambands- og fylkislögreglunni	16.12.1996
96-0356-D	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 106 fyrir sjónvarps- og útvarpsbúnað í lokuðu landfarstöðvarþjónustunni (noeML) til notkunar á tíðnisviðinu 2,3 GHz í iðnaðar-, viðskipta- og vísindaskyni	18.12.1996
96-0357-UK	Reglugerðir um kinda- og svínahausa (meðhöndlun og förgun)(Norður-Írland) 1996	(3)
96-0358-UK	Fyrirmæli um kinda- og svínahausa (Norður-Írland) 1996	(3)
96-0359-UK	Fyrirmæli um almennar leiðbeiningar fyrir ýmsar gerðir gangbrauta (Zebra, Pelican og Puffin), 1997	17.12.1996
<sup>(3)</sup> ( <sup>4</sup> )( <sup>5</sup> )		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtfð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.